kjarninn
32. útgáfa – 27. mars 2014 – vika 13



EIGI LEIÐ ÞÚ OSS Í BLINDNI

+ Leiðrétting fjármálaráðherra kynnt almenningi

+ Efnahagslegar afleiðingar aðgerðanna ófyrirséðar

+ Séreign eytt strax í stað þess að tryggja ævikvöldið

32. ÚTGÁFA

Efnisyfirlit

27. mars 2014 – vika 13



VIÐSKIPTI

Airbnb margfaldast í verði og er nú komið í ellefu stafa klúbbinn



VIÐTAL

Eins og borð í Candy Crush



ÁLIT

Bankar búa til peninga segir Englandsbanki

Draugabanar kallaðir út í Bandaríkjunum

Myndband sýnir draug í búð í Bandaríkjunum. Eða hvað?

Fáfræði ógnar heilsu og fjárhag fólks

Vanþekking á áhrifum myglusvepps er ógnun við heilsu manna. Auka þarf eftirlit og fræðslu.

Margar og misjafnar milliríkjadeilur

Kjarninn tók saman Topp 5 lista yfir milliríkjadeilur Íslands við umheiminn.

Bylting í tölvuheiminum

Skýjalausnir í tölvuheiminum eru farnar að breyta lífi okkar meira en margir átta sig á.

kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík
Sími 551-0708
kjarninn@kjarninn.is
www.kjarninn.is


ISSN 2298-4402

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson
Framkvæmdastjórar: Gísli Jóhann Eysteinsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.

SAMSUNG

Samsung Galaxy Tab 3
8" skjár, 4G, WiFi, 16GB



Fyrsti mánuður á **0 kr.** hjá Nova!

4G *LTE*

Nova kynningarverð

64.990 kr. stgr.

3.990 kr. /18 mán.

Fullt verð: 79.990 kr.

Kaupa

Sæktu Kjarnann á Google Play og fáðu fréttirnar beint í farsímann eða spjaldtölvuna.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter



LEIÐARI
Þórunn Elísabet Bogadóttir

Stjórnvöld á villigötum

Þórunn Elísabet Bogadóttir skrifar um vandann sem felst í því að ætla að þvinga fram breytingar á menntakerfinu í fundarherbergi hjá ríkissáttasemjara

Þegar Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra segir að kerfisbreytingar sé þörf til þess að hægt sé að leiðrétta kjör framhaldsskólakennara hefur hann að vissu leyti rétt fyrir sér. Breytinga er þörf en þær breytingar sem hann hefur í huga eru bara ekki forgangsatriði í miðri kjarabaráttu.

Kerfisbreytingin sem þarf að eiga sér stað til þess að leiðrétta kjör kennara þarf að verða innan stjórnkerfisins, ekki menntakerfisins. Stjórnvöld sem ákveða að eyða tugum milljarða í að niðurgreiða skuldir einstaklinga en hafa ekki efni á að veita kennurum sínum laun í samræmi við aðrar stéttir eru nefnilega á villigötum.

Þetta þarf að komast á hreint áður en ráðist er í þær breytingar sem ráðherrann vill, styttingu bóknáms til stúdentsprófs. Þótt hægt sé að halda styttingu námsins yfir höfði framhaldsskólakennara sem lausn á kjaradeilu gildir

það nefnilega ekki um öll skólastigin. Og hvað á þá að bjóða leikskóla-, grunnskóla- og háskólakennurum þegar þar að kemur?

Styttingarsporin hræða

Framhaldsskólar og háskólar, aðallega Háskóli Íslands, hafa á undanförnum árum þurft að taka við gríðarlegum fjölda nýrra nemenda á sama tíma og skorið hefur verið niður í hverju horni. Allir sem ekki höfðu vinnu eftir hrun áttu að fara í skóla, en það þurfti að mennta fleiri fyrir minna. Skólakerfið hefur sýnt aðlögunarhæfni og þolinmæði í þessum aðstæðum en það er ekki hægt að halda endalaust áfram á þessari braut. Sá sparnaður sem gæti hlotist af því að hagræða á þessum námsstigum ætti auðvitað að fara í leiðréttingu á þessari ömurlegu þróun.

„Ef það á að halda náminu eins og það er, en bara þjappa því á þrjú skólaár, þarf bæði að lengja skólaárið og auka álagið.“

Stundum er látið eins og kennarar séu á móti styttingu framhaldsskólans af eigingjörnum ástæðum, þeir vilji ekki missa spón úr aski sínum. Líklegra verður þó að teljast að sporin hræði þá, enda ekki mörg ár liðin síðan framhaldsskólarnir þurftu að berjast gegn vanhugsuðum fyrirætlunum um styttingu námsins. Hefðu þær fyrirætlanir náð fram að ganga hefði framhaldsskólanám á Íslandi hreinlega skerst verulega og námið orðið einhæfara. Það var þess vegna sem skólastjórar, kennarar og nemendur voru upp til hópa á móti styttingunni eins og átti að útfæra hana.

Í framhaldinu hefur hins vegar verið unnið að þessum málum og ég veit ekki betur en að langflestir skólar landsins bjóði nemendum nú upp á þann möguleika að klára námið á skemmri tíma.

Töfralausn ekki í boði

Það er heldur ekki hægt að láta eins og stytting sé einföld aðgerð sem hafi engar afleiðingar í för með sér aðrar en að spara peninga. Taka þyrfti tillit til fjölmargra þátta sem

er ekki hægt að ræða á meðan reynt er að leysa verkfall. Menntamálaráðherra hefur þvertekið fyrir að stytting af þessu tagi myndi skerða námið, en hvernig á þá að framkvæma hana?

Ef það á að halda náminu eins og það er, en bara þjappa því á þrjú skólaár, þarf bæði að lengja skólaárið og auka álagið. Þetta mun meðal annars valda því að sérstaða íslenskra unglinga, sem felst í reynslu af vinnumarkaðinum, þurrkast út. Það þarf ekkert að vera slæmt en við þurfum að gera það upp við okkur hvort við viljum gera þessar breytingar og hvernig við ætlum að mæta þeim, bæði á vinnumarkaðnum og í breyttum fjárhag nemenda.

„Kerfisbreytingin sem þarf að eiga sér stað til þess að leiðrétta kjör kennara þarf að verða innan stjórnkerfisins, ekki menntakerfisins.“

Ef það á að stytta námstímann með því að flytja námsefni niður í grunnskóla mun það krefjast meiri vinnu og menntunar grunnskólakennara. Þó má færa rök fyrir því að mesta svigrúmið til styttingar sé einmitt í grunnskólunum.

Og kannski mætti skoða að hreinlega færa allt kerfið okkar til um eitt ár? Þarf ekki að koma ungum börnum fyrr inn á leikskóla? Væri ekki hægt að skoða að koma börnum eins árs inn á leikskóla og fimm ára í skóla? Hver yrði kostnaðurinn við það?

Ýmsir möguleikar eru í boði til að stytta námstímann, og margt bendir til þess að það borgi sig að útskrifa fólk fyrr, en það þarf að ræða og skoða möguleikana á öðrum vettvangi en í tímapressu við fundarborð hjá ríkissáttasemjara.

Vandamálin í íslensku skólakerfi eru ærin, frá grunnskóla og upp í háskóla, og margt er hægt að bæta. En þessi vandamál verður að takast á við á heildstæðan hátt og í sátt við þá sem þurfa á endanum að vinna með lausnirnar; fólkið í skólunum. Fyrsta skrefið væri að viðurkenna mikilvægi þessa fólks og auka starfsánægju þess með mannsæmandi launum.

Almenn aðgerð handa útvöldum

Vonast er til að skuldaleiðrétting ríkisstjórnarinnar nái til 100 þúsund íslenskra heimila. Í landinu eru 128 þúsund heimili. Um 32 milljarðar króna renna til heimila með yfir átta milljónir króna í árstekjur.



EFNAHAGSMÁL
Ægir Þór Eysteinsson
@aegireysteins

Þeir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra kynntu blaðamönnum tvö frumvörp um leiðréttingu höfuðstóls verðtryggðra fasteignalána í Iðnó síðdegis í gær. Á sama tíma var frumvörpunum dreift á Alþingi.

Frumvarpanna hefur verið beðið með nokkurri eftirvæntingu, en tvímenningarnir kynntu leiðréttinguna svokölluðu á stórum fundi í Hörpu í lok nóvember. Málið er risavaxið fyrir ríkisstjórnina, enda ein helsta ástæða þess að Framsóknarflokkurinn komst til valda eftir síðustu alþingiskosningar.

Frumvörpin fjalla annars vegar um beina niðurfærslu á höfuðstóli verðtryggðra húsnæðislána og hins vegar lagabreytingar þannig að fólk geti annaðhvort safnað sér í formi séreignarsparnaðar og varið upphæðinni til niðurgreiðslu á höfuðstóli húsnæðisláns eða til fjárfestingar í húsnæði. Séreignarsparnaðurinn verður skattfrjáls á þriggja ára tímabili, frá og með 1. júlí á þessu ári.

> „Þá kemur fram í frumvarpinu að mikil óvissa ríki um efnahagsleg áhrif aðgerðanna og áhættuþættir séu fjölmargir.“

Breytt viðmiðunartímabil

Þegar leiðréttingin var kynnt á áðurnefndum blaðamannafundi var fullyrt að hún myndi ná til þeirra sem voru með verðtryggð húsnæðislán á tímabilinu frá því í desember árið 2007 til ársloka 2010. Í frumvarpinu um höfuðstólslækkunina, sem kynnt var í gær, hefur tímabilinu verið breytt og nær nú til fasteignalána sem veitt voru á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember árið 2009. Spurður um breytt viðmiðunartímabil svaraði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson því til að það hefði auðveldað úrvinnslu mikið og breytingin hefði ekki áhrif á hópinn sem hefði verið undir í upphafi.

Umsóknartímabilið hefst 15. maí næstkomandi og lýkur 1. september síðar á þessu ári. Umsóknum skal beina til Ríkisskattstjóra, sem mun annast úrvinnslu þeirra, en embættið



Leiðréttingin kynnt
Forystumenn stjórnarflokkanna kynntu fyrst boðaðar skuldaleiðréttingar á fjölmennum blaðamannafundi í Hörpu í lok nóvember.
Mynd: Birgir Þór

áætlar að kostnaður við umsjón og framkvæmd verkefnisins verði um 285 milljónir króna og allt að sautján stöðugildum þegar mest lætur.

Ríkisstjórnin áætlar að kostnaður við skuldaleiðréttinguna nemi 80 milljörðum króna en 70 milljarðar króna muni safnast í gegnum séreignarsparnaðarleiðina. Sem fyrr verður hámarksfjárhæð niðurfærslu á heimili fjórar milljónir króna, en til frádráttar koma fyrri opinber úrræði til lækkunar höfuðstóls viðkomandi. Útreikningurinn miðast við mismun raunverðbóta og leiðréttra verðbóta og er framkvæmdur af lánveitanda. Ákvörðunin verður kæranleg til sérstakrar úrskurðarnefndar sem ráðherra skipar.

Framkvæmdin verður ekki með þeim hætti að ríkissjóður taki yfir leiðréttingarhluta lánanna, heldur liggur fyrir pólitísk yfirlýsing og stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um að ríkissjóður muni greiða upp þann hluta á fjórum árum. Með öðrum orðum leysir ríkið ekki til sín skuldirnar, en ábyrgist að þær verði greiddar. Því er um ríkisábyrgð að ræða.

Mikil óvissa um áhrif og afleiðingar

Talið er að aðgerðirnar muni geta lækkað húsnæðisskuldir Íslendinga um allt að 150 milljarða á næstu fjórum árum, eða sem nemur tólf prósentum húsnæðisskulda heimilanna. Á fjárlögum ársins 2014 var samþykkt að verja tuttugu milljörðum króna í höfuðstólslækkunina á þessu ári. Athygli vekur að samkvæmt frumvarpinu er ekki búið að meta heildarumfang lækkunarinnar. Umfangið mun ekki liggja fyrir fyrr en að loknu umsóknarferli, þar sem þátttaka í aðgerðinni og dreifing þegar fenginna afskrifta verður ekki þekkt nægjanlega nákvæmlega fyrr en að umsóknarferlinu liðnu. Þá kemur fram í frumvarpinu að mikil óvissa ríki um efnahagsleg áhrif aðgerðanna og áhættuþættir séu fjölmargir.

Tvær ítarlegar greiningar hafa verið gerðar um hugsanleg efnahagsleg áhrif leiðréttingarinnar. Greining ráðgjafarfyrirtækisins Analytica, sem var gerð fyrir sérfræðingahóp forsætisráðherra, og greining Seðlabankans eru um margt ólíkar. Báðar greiningarnar miða þó við að umfang aðgerðarinnar verði 72 milljarðar króna auk vaxta og verðbóta á fjögurra ára tímabili.

Þjóðhagsleg áhrif aðgerðanna eru tiltölulega mild að mati Analytica, þótt talsverðra örvandi áhrifa geti gætt á fjárfestingu í íbúðarhúsnæði. Spá Seðlabankans gerir hins vegar ráð fyrir mun meiri áhrifum. Bankinn telur að aðgerðirnar muni leiða til jákvæðra auðsáhrifa og lækkaðrar greiðslubyrði, en samkvæmt frumvarpinu fá flest heimili endurgreiðslu á bilinu 0,5 til 1,5 milljónir króna. Bætt staða heimilanna muni ýta undir þjóðarútgjöld vegna aukinnar einkaneyslu en minni vaxtar landsframleiðslu vegna þess hve stór hluti hennar kemur fram í auknum innflutningi. Þá muni aukin einkaneysla stuðla að hærri verðbólgu, hærri vöxtum og minni fjárfestingu en ella.

Aukinn innflutningur á neysluvöru mun draga úr áhrifum aðgerðanna á hagvöxt og mun hafa neikvæð áhrif á greiðslujöfnuð þjóðarbúsins við útlönd, með minni afgangi af vöru- og þjónustuviðskiptum með tilheyrandi þrýstingi á gengi íslensku krónunnar.


Almenn aðgerð, sem er ekki svo almenn

Tæplega 74 þúsund heimili voru skráð fyrir verðtryggðum lánum vegna kaupa á fasteignum til eigin nota í árslok 2009. Mikill meirihluti þeirra, rúmlega níu af hverjum tíu, á rétt á niðurfærslu höfuðstóls, annaðhvort með beinni niðurfærslu eða nýtingu séreignarsparnaðar. Rúmlega fimm þúsund heimili sem voru skráð fyrir verðtryggðum fasteignalánum í árslok 2009 eiga ekki rétt á niðurfærslu. Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, hefur sagt að skuldaleiðréttingin muni ná til um hundrað þúsund heimila í landinu. Í landinu eru hins vegar 128 þúsund heimili.

Samkvæmt frumvarpinu munu um 44 prósent af heildarumfangi leiðréttinganna renna til heimila með árstekjur undir sex milljónum króna, og rúmlega 60 prósent af umfangi leiðréttinganna til heimila með árstekjur undir átta milljónum króna. Athygli vekur að meðalfjárhæð á hvert heimili hækkar eftir því sem tekjur eru hærri. Í frumvarpinu er það fyrirkomulag rökstutt með því að tekjuhærri heimili séu að jafnaði skuldugri ern þau tekjulægri. Þetta þýðir þá að fjörutíu prósent skuldaniðurfellingarinnar, eða um 32 milljarðar króna, munu renna til heimila sem eru með átta milljónir króna eða meira í árstekjur.

Hlutdeild hópa af heildarniðurfærslu

Hér má sjá hvernig skuldaniðurfellingin skiptist á milli skuldugra heimila



Og það er fleira sem vekur óneitanlega athygli í frumvarpinu. Samkvæmt því munu um 46 prósent, eða rétt tæplega helmingur niðurfellingarinnar, renna til heimila þar sem ekki eru börn undir átján ára aldri. Í því mengi eru barnlausir einhleypingar og barnlaus hjón, sem og heimili þar sem börn eru ekki lengur á forræði foreldra. Meðalfjárhæð á heimili þar sem ekki eru börn er tæplega níu hundruð þúsund krónur. Meðalfjárhæð niðurfærslu hækkar eftir því sem börn eru fleiri og nær rúmlega 1,4 milljónum króna þar sem eru fjögur börn eða fleiri. Þetta fyrirkomulag er rökstutt í frumvarpinu þannig að barnafjölskyldur búi iðulega í stærra húsnæði og séu því að jafnaði skuldugri en barnlaus heimili.

Þá munu um 65 prósent heildarleiðréttinga renna til fólks sem fætt er á árunum 1960 til 1990. Meðalfjárhæð niðurfærslunnar fer hækkandi samhliða aldri þess sem skráður er fyrir fasteignalánunum alveg fram til fæðingarárs 1980, eftir það fer fjárhæðin lækkandi. Skýringin, samkvæmt frumvarpinu, er sú að þeir elstu og þeir yngstu skuldi að jafnaði minna en hinir.

Að lokum ber að geta þess að hvergi í frumvarpinu, við útreikninga og útfærslu, er tekið tillit til eignastöðu viðkomandi vegna leiðréttingarinnar.



AKTU FRAMFÖRUM

Við kynnum þriðju kynslóðina af BMW X5 með sparneytnari vél en nokkur annar bíll í þessum flokki. Nýi BMW X5 er léttari og með minni loftmótstöðu en keppinautarnir. Hann kostar frá 10.490 þús. kr. með 218 hestafla dísilvél og 8 gíra sjálfskiptingu og notar einungis 5,8 l/100 km í blönduðum akstri.
Aktu framförum – kynntu þér nýjan BMW X5!

BMW X5 - 5,8 L/100 KM.*
VERÐ FRÁ 10.490 ÞÚS. KR.

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.

SMELLTU HÉR
TIL AÐ SKOÐA BMW X5

B|L

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000

Peningagjöf sem erfitt er að hafna

Ríkið mun gefa þeim sem nota séreignarsparnað í húsnæðisskuldir 21 milljarð í skattafslátt. Afleiðingarnar fyrir lífeyriskerfið gætu orðið alvarlegar.



LÍFEYRISMÁL
Þórður Snær Júlíusson
@thordursnaer

Tæpur helmingur af aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar í skuldamálum, um 70 milljarðar króna, snýst um að veita Íslendingum heimild til að ráðstafa séreignarlífeyrisparnaði sínum til greiðslu húsnæðislána næstu þrjú árin. Þetta verður gert með þeim hætti að iðgjöld fólks á tímabilinu 1. júlí 2014 og fram til loka júní 2017 upp að 1,5 milljón króna mega renna í að borga niður húsnæðislán. Þeir sem kjósa að gera þetta þurfa ekki að greiða skatt af upphæðinni.

Á blaðamannafundi Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, og Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra í Iðnó í gær kom fram að skattaafslátturinn væri um 30 prósent af þessum 70 milljörðum króna. Það þýðir að íslenska ríkið gefur eftir um 21 milljarð króna á núvirði í framtíðarskatttekjur vegna þessa. Þess utan munu 49 milljarðar króna sem að öðrum kosti færu inn í séreignalífeyriskerfi landsmanna ekki skila sér þangað.

Þetta er samt tilboð sem erfitt verður fyrir almenning að hafna. Þeir sem geta nýtt sér þetta úrræði í botn fá enda 500 þúsund krónur gefins frá hinu opinbera sem ella hefðu farið í skattgreiðslur. En afleiðingarnar fyrir séreignarlífeyriskerfi landsins gætu orðið alvarlegar.

Um 100 milljarðar þegar farnir

Þetta er ekki í fyrsta sinn eftir hrun sem ráðamenn hafa horft í séreignarlífeyrissjóði til þess að leysa efnahagsleg skammtímavandamál. Í byrjun árs 2009 var landsmönnum veitt heimild til að taka út séreignarsparnaðinn sinn upp að vissu marki. Yfirlýst markmið aðgerðanna var að gera eigendum sparnaðarins kleift að mæta tímabundnum greiðsluerfiðleikum vegna efnahagsástandsins og sérstaklega áhrifa þess á atvinnumarkaðinn. Undirliggjandi horfðu stjórnmálamenn sem stýrðu tómum og stórkostlega skuldsettum ríkissjóði til þess að útgreiðslurnar yrðu skattlagðar og þær myndu því skila ríkissjóði umtalsverðum tekjum til að takast á við þau vandamál sem blöstu við.


Það varð svo sannarlega raunin. Um síðustu áramót

höfðu Íslendingar alls tekið út tæplega 100 milljarða króna af séreignarsparnaði sínum, sem sumir hverjir höfðu safnað árum saman til að milda tekjulækkunarhöggið sem þeir yrðu fyrir þegar á eftirlaun yrði komið. Sparnaðurinn var tekinn út án þess að hafa ávaxtast að neinu viti og búið var að draga frá kostnað vegna umsýslu hans. Þessar úttektir hafa skapað ríkinu tugmilljarða króna tekjur. Þær tekjur verða þó ekki til úr loftinu einu saman. Þvert á móti eru þær teknar að láni frá framtíðarkynslóðum.

Í dag er sú upphæð sem landsmenn eiga í séreignarlífeyrissparnaðarsjóðum og öðrum vörsluaðilum um 380 milljarðar króna. Samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar sem kynnt var í gær mun fólki verða gert kleift að greiða séreignarsparnaðariðgjöld sín í þrjú ár inn á höfuðstól húsnæðislána skattfrjálst í stað þess að þau safnist saman í slíkum sjóðum. Meðaltalsgreiðsla þeirra sem greiða í séreignarlífeyrissparnað er um 16 þúsund krónur á mánuði með mótframlagi atvinnurekanda. Meðalhjón eru því að greiða 32 þúsund krónur á mánuði og munu geta greitt tæplega 1,2 milljónir króna inn á höfuðstól sinn á þeim þremur árum sem tilboð íslenska ríkisins nær til. Á meðan greiðir fólkið ekkert í séreignarlífeyrissparnað. Og flest launafólk þarf á slíkum að halda ef það ætlar sér að vera með tekjur yfir lágmarksframfærslu þegar það verður gamalt.



ÓMÓTSTÆÐILEGT TILBOÐ EN INNGRIP Í SÉREIGN ÓÆSKILEG



Gunnar Baldvinsson, formaður Landssambands lífeyrissjóða, segist vera algjörlega á þeirri skoðun að þau inngrip sem gerð hafi verið í séreignarlífeyrissparnaðarkerfið séu óæskileg. „Ég held að menn vanmeti hvað séreignarsparnaður er mikilvægur. Það er slæmt að það sé alltaf horft í hann þegar eitthvað kemur upp því hann skiptir verulegu máli í framtíðinni.“

Að mati Gunnars er sú aðgerð sem forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar kynntu útfærslu á í gær í lagi svo lengi sem hún er tímabundin. „Ég held ekki að kerfið muni riða til falls vegna þessa. Flestir sem geta ættu að nýta sér þessa aðgerð. Það er ómótstæðilegt tilboð að fá skattafslátt. Ég lít líka á niðurgreiðslu skulda sem hluta af eftirlaunasparnaði. Flestir, utan þeirra sem eru í fjárhagslegum vandræðum eða eiga á hættu að fara í gjaldþrot, ættu að sækjast eftir þessu. Þeir sem eru í þeirri stöðu ættu ekki að gera það vegna þess að séreignarsparnaður er sérvarin eign við gjaldþrot.“

Gunnar vonast til þess að margir sem ekki safna séreignarlífeyri fari að gera það í kjölfar aðgerðarinnar. „Af því að það er þak á þessum aðgerðum heldur fólk kannski áfram að spara.“

Aðgerð ríkisstjórnarinnar er tímabundin til þriggja ára. Úttektir á séreignarlífeyri í tíð fyrri ríkisstjórnar áttu reyndar líka að vera tímabundnar en voru síðan ítrekað framlengdar. Spurður hvort Gunnar og félagar hans í Landssambandinu hafi af því áhyggjur að gengið verði enn frekar á séreignarkerfið en nú þegar hefur verið gert er svarið: „Já, við höfum það.“

Tæpa 900 milljarða vantar í kerfið

Íslenskir lífeyrissjóðir áttu tæplega 2.700 milljarða króna í sjóðum sínum um síðustu áramót. Í augum flestra er það óheyrilega há upphæð. Útreikningar á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrissjóðanna, sem metur getu þeirra til að standa undir skuldbindingum sínum við núverandi og verðandi lífeyrisþega, sýndu samt sem áður að 673 milljarða króna vantaði í kerfið. Sú tala gæti raunar verið mun hærri.

Í grein sem Björn Z. Arngrímsson, sérfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu, skrifaði í vefrit eftirlitsins síðastliðið haust kemur fram að að skuldbindingar lífeyrissjóðanna séu vanmetnar vegna þess að útreikningar á þeim taki ekki nægilegt tillit til þess að Íslendingar séu sífellt að eldast. Nágrannaþjóðir okkar hafa margar tekið upp það vinnulag að reikna með hærri lífaldri sem grunnforsendu við útreikning á skuldbindingum lífeyrissjóða. Björn telur að áfallnar skuldbindingar muni aukast um nærri milljarða króna við þessa

forsendubreytingu. Þá væri neikvæð staða kerfisins orðin 873 milljarðar króna. Eignir lífeyrissjóðakerfisins þyrftu því að vera um 3.600 milljarðar króna til að það gæti staðið við framtíðarskuldbindingar sínar.

Þegar staðan er þannig er þrennt hægt að gera: skerða lífeyrisréttindi, hækka lífeyrisaldur eða hækka iðgjöld. Með öðrum orðum er hægt að velja á milli þess að greiða minna til aldraðra, láta fólk vinna lengur en til 67 ára aldurs eða láta alla greiða hærra hlutfall af launum sínum um hver mánaðamót í lífeyrissjóði. Í grein Björns segir: „Skerðing réttinda mun ekki verða vinsæl ákvörðun en hjá henni verður ekki komist á næstu árum ef ekkert verður að gert. Þessi aðgerð mun og auka álag á almannatryggingar. Það má telja eðlileg viðbrögð að hækka lífeyrisaldur um 2–4 ár í þrepum og gera lífeyristöku sveigjanlegri. Hækkun iðgjalda gæti einnig verið skynsamleg aðgerð bæði vegna hækkandi lífaldurs og til að ná fram markmiðum um lífeyrisgreiðslur sem sjóðirnir stefna að sjóðfélögum til handa.“

„Um síðustu áramót höfðu Íslendingar alls tekið út tæplega 100 milljarða króna af séreignarsparnaði sínum.“

Ríkissjóður greiðir tugi milljarða í lífeyri á ári


Þrátt fyrir að lífeyrissjóðir landsins eigi um 2.700 milljarða króna greiða þeir ekki allan lífeyri landsmanna. Langt í frá. Íslenska ríkið greiðir þvert á móti tæpan helming alls útgreidds lífeyris á hverju ári, enda hefur það skuldbundið sig til að tryggja öllum lágmarkseftirlaunalífeyri. Hann er í dag 219 þúsund krónur krónur á mánuði.

Samtals verða greiddir 40,4 milljarðar króna úr ríkissjóði í ellilífeyri, tekjutryggingu ellilífeyris, vasapening ellilífeyrisþega og sérstaka uppbót handa lífeyrisþegum á árinu 2014 samkvæmt fjárlögum. Á árinu 2008 námu þessar greiðslur 25,3 milljörðum króna. Þær hafa því hækkað um 15 milljarða króna frá þeim tíma, um 60 prósent.

Þetta framlag ríkisins til lífeyrisgreiðslna á eftir að hækka gríðarlega á næstu árum og áratugum, enda íslenska

þjóðin mjög ung sem stendur. Raunar voru einungis 36 þúsund þeirra rúmlega 320 þúsund Íslendinga sem voru á lífi í lok árs 2013 yfir 67 ára aldri. Hagstofa Íslands spáir því að árið 2060 verði þeir 97 þúsund, tæplega þrisvar sinnum fleiri. Og þá er einungis verið að horfa til þess að greiða lágmarkseftirlaunalífeyri.

SKATTBYRÐI VELT Á KOMANDI KYNSLÓÐIR



Íslenska ríkið er í ábyrgð fyrir skuldbindingar opinberra lífeyrissjóða. Það þýðir að sá hluti eftirlauna sem sjóðsfélagar hafa unnið sér inn en sjóðirnir geta ekki staðið undir verður greiddur úr ríkissjóði. Í lok árs 2012 námu heildarskuldbindingar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, stærsta lífeyrissjóðs landsins, um 450 milljörðum króna umfram eignir. Í lok árs 2012 höfðu heildarskuldbindingar verið meira en tíu prósentum hærri en eignir lífeyrissjóðsins í fimm ár í röð. Sá munur má reyndar, samkvæmt lögum, ekki vera meiri en fimm prósent í fimm ár samfleytt. Og þessi halli eykst ár frá ári.

Til að rétta hallann af þarf að hækka iðgjöld, skerða greiðslur eða hækka eftirlaunaaldur. Eða gera sitt lítið af hverju. Enginn vilji er eðlilega hjá forsvarsmönnum stéttarfélaga opinberra starfsmanna til að semja um verri lífeyriskjör fyrir skjólstæðinga þeirra án þess að eitthvað annað, til dæmis töluverðar launahækkanir, komi á móti. Þrátt fyrir að viðræður hafi staðið yfir árum saman um lausn á þessum gríðarlega vanda, sem er ekki færður sem skuld á ríkisreikning þótt hann sé það sannarlega, hafa þær ekki skilað neinni niðurstöðu. Hrafn Magnússon, sem var framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða í hátt í fjóra áratugi, skrifaði grein í Kjarnann í október 2013. Á meðal þess sem hann fjallaði þar um er sá halli sem er á Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. „Þetta er grafalvarleg staða sem versnar með hverju ári sem líður ef ekki er gripið til viðeigandi ráðstafana. Hallinn á LSR og lífeyrissjóðum sveitarfélaga er áhyggjuefni fyrir alla þjóðina því með þessu ástandi er verið að velta skattbyrðinni yfir á komandi kynslóðir," sagði Hrafn í greininni.

Í úttekt Eyjólfs Lárussonar, framkvæmdastjóra Allianz, á lífeyrissjóðakerfinu kemur fram að íslenska ríkið þyrfti að greiða árlega 31,3 milljarða króna í 20 ár til að klára að greiða þessa skuld. Í dag greiðir ríkið ekkert í hítina og hefur ekki gert frá hruni.

Hætta á fátæktargildru

Eyjólfur Lárusson, framkvæmdastjóri Allianz á Íslandi, hefur unnið úttekt á stöðu íslenska lífeyriskerfisins. Í henni kemur fram að lágmarkskostnaður þess að lifa af, samkvæmt framfærsluviðmiði Velferðarráðuneytisins, sé 290 þúsund krónur. Lífeyrissjóðir og Tryggingastofnun ríkisins greiða í dag í kringum 40 prósent af launum í lífeyri við

starfslok. Meirihluti landsmanna er með undir 500 þúsund krónum í laun á mánuði og því ljóst að hann mun ekki ná lágmarksframfærslu án þess að safna sér upp séreignarlífeyrissparnaði. Í úttekt Eyjólfs kemur fram að yfir 80 þúsund Íslendinga á vinnualdri séu ekki að safna upp slíkum í dag. Hluti þess hóps hefur einfaldlega tekið hann út á undanförnum árum eftir að ríkisstjórnir síðustu ára opnuðu fyrir slíkt. Hann telur því blasa við að þessir 80 þúsund Íslendingar muni ekki ná lágmarksframfærsluviðmiði þegar þeir fara á eftirlaun, ef sú þróun sem opnað hefur verið á heldur áfram. Í úttektinni segir: „hætta er á að fátæktargildra bíði hluta þjóðarinnar þegar farið verður á eftirlaun.“

PISTILL Aðgerðir stjórnvalda í skuldamálum eru margslungnar og snúast um forgangsröðun í eyðslu skattfjár

Risastórt pólitískt prætuepli



PISTILL
Magnús Halldórsson
@maggihalld

Skuldalækkun verðtryggðra húsnæðislána, sem stjórnvöld kynntu í gær, á sér margar umdeildar hliðar og mun aðgerðin hafa afgerandi áhrif til framtíðar litið fyrir íslenskt samfélag. Siðferðilegu spurningarnar eru augljósar og þá einkum á hvaða réttlætingu aðgerðirnar byggja. Þar er helst hinn umtalaði forsendubrestur, sem markast af hruni fjármálakerfisins haustið 2008, gengisfalli krónunnar og verðbólgu í kjölfarið. Stjórnvöld líta á forsendubrestinn svokallaða sem grundvöll aðgerðanna. Ef forsendubresturinn er réttlæting fyrir þessum aðgerðum, mætti þá ekki eins horfa til hans á fleiri sviðum? Til dæmis þegar kemur að launakjörum opinberra starfsmanna, örorkubóta og margvíslegra annarra atriða í lífi fólksins sem urðu fyrir neikvæðum áhrifum vegna hruns fjármálakerfisins og þess sem það framkallaði? Hvers vegna er aðeins einblínt á þá sem bera ábyrgð á verðtryggðum skuldum en ekki aðra hópa, nema þá að litlu leyti? Ef það eru einhver atriði í stjórnmálasögu þjóðarinnar sem ætti að ræða út frá pólitískri hugsjón, stéttaskiptingu,

eignarétti, ábyrgð og spurningum um samfélagslegt réttlæti og ranglæti – sjálfum kjarnanum í stjórnmálunum – þá er það þessi undirliggjandi réttlæting aðgerða stjórnvalda. Því miður er fyrirséð að þessi umræða muni ekki fara fram nema í mýflugumynd, þar sem örfáir dagar eru eftir af þinginu og kosningar fram undan.

Ekki horft til eigna

Eitt þeirra atriða sem stjórnvöld taka ekki tillit til í aðgerðum sínum er virði þeirra eigna sem verðtryggðu skuldirnar hvíla á. Þannig mun stóreignafólk fá greiðslur úr ríkissjóði til þess að lækka lánin sín, jafnvel þótt það þurfi ekkert á því að halda. Allar aðgerðirnar eru valkvæðar og því vandi um heildarumfangið að spá. En stóreignafólk sem á verðmætar fasteignir, til dæmis 90 milljóna eignir, en skuldar lítið í þeim samanburði mun geta fengið greiðslu úr ríkissjóði. Þetta er umdeilt og ætti að vera augljóst pólitískt þrætuepli, þar sem vel er mögulegt að nýta féð til annarra verkefna sem ríkið hefur ekki getað sinnt nægilega vel vegna fjárskorts, til dæmis þjónustu við langveik börn og aðstandendur þeirra. En stjórnvöld velja að gera þetta með þessum hætti, það er beina fjármunum til stóreignafólksins fremur en annarra hópa sem þurfa á þeim að halda. Augljóst er einnig að aukið veðrými hjá fólki getur haft margfeldisáhrif á fasteignamarkaðinn til hækkunar, með tilheyrandi ruðningsáhrifum.

> „Ef forsendubresturinn er réttlæting fyrir þessum aðgerðum, mætti þá ekki eins horfa til hans á fleiri sviðum?“

Góðar staðsetningar

Annað atriði sem tengist eignahliðinni er að ekkert tillit er tekið til ýmissa þátta sem skipta sköpum við ákvörðun um fasteignakaup og skuldsetningu hjá einstaklingum. Til dæmis staðsetningar fasteigna. Þannig halda eignir á ákveðnum svæðum á höfuðborgarsvæðinu verðgildi sínu í gegnum verðbólguskot, til dæmis miðsvæðis í Reykjavík. Nafnverðshækkun verðtryggðra skulda hefur því lítil áhrif

á heildareignastöðu þeirra sem eiga vel staðsettar eignir. Aðgerð stjórnvalda kemur sér vel fyrir þá.

Byr í seglin

Pólitískar afleiðingar aðgerðanna eru til skamms tíma vafalítið góðar fyrir stjórnvöld. Aðgerðirnar gætu virkað sem vítamínsprauta í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna sem fara fram í lok maí, skömmu eftir að opnað verður fyrir umsóknir vegna aðgerðanna. Það vinnur einnig með stjórnvöldum að lítill tími er til þess að ræða um aðgerðirnar í þinginu, sem dregur úr líkum á því að umræðan um umdeildar hliðar tillagnanna verði stjórnvöldum í óhag. Vel var hægt að sjá fyrir sér að deilt yrði um „þjóðnýtingu einkaskulda“, en það var grundvallaratriðið hjá mörgum þeirra sem börðust gegn því að skuldbindingar féllu á ríkissjóð vegna Icesave. Nú er sannarlega verið að gera það líka og því hefði mátt heimta skýringar um hvers vegna þetta væri réttlætanlegt núna. En í ljósi tímans sem ætlaður er til umræðu á þessu þingi mun lítið fara fyrir þeirri umræðu. Sjálfstæðisflokkurinn þarf einnig að svara því gagnvart sínum kjósendum hvers vegna hann ákvað að gefa eftir áherslur sínar frá því fyrir síðustu kosningar og fallast á aðgerðir sem fara gegn því sem flokkurinn talaði um. Einkum er það fjármálaráðherrann og formaðurinn, Bjarni Benediktsson, sem þarf að bera ábyrgð á þessu.

Til lengri tíma litið er ómögulegt að spá fyrir um áhrifin, hvort sem það eru pólitísk eða efnahagsleg áhrif. Stjórnvöld vonast til þess að aðgerðirnar muni skila sér í bjartari efnahagslegum tímum fyrir hagkerfið í heild, þrátt fyrir óumbeðnar viðvaranaraddir um annað, meðal annars frá Seðlabanka Íslands.

ERT ÞÚ
MEÐ HUGMYND?

Nýsköpunarverkefnið Startup Reykjavík er að fara af stað í þriðja sinn. Allir sem eru með snjalla nýsköpunarhugmynd geta sótt um. Tíu bestu hugmyndirnar verða valdar og fá aðstandendur þeirra vinnuaðstöðu, 2.000.000 kr. í hlutafé frá Arion banka og 10 vikna þjálfun hjá mentorum.

Verður þín hugmynd með í ár?

Umsóknarfrestur til 30. mars.

Smelltu fyrir nánari upplýsingar á arionbanki.is.

Startup
Reykjavík
Arion banki
Innovit
Klak



Arion banki



TOPP 5 Minni milliríkjadeilur Íslendinga síðustu ár

Mörg þung baráttumál orðið fyrir valinu

Jæja, ein stærsta milliríkjadeila Íslendinga í áraraðir leystist á dögunum án aðkomu Íslands. Evrópusambandið, Færeyingar, Norðmenn og Grænlendingar sömdu um makrílveiðar næsta fiskveiðiárs án aðkomu Íslendinga, en við veiðum bara samt það sem okkur dettur í hug.

Ísland hefur átt í nokkrum stórum milliríkjadeilum á undanförnum árum. Nægir þar að nefna Þorskastríðið og Icesave-deiluna. Kjarninn birtir hins vegar topp fimm lista yfir minni milliríkjadeilur Íslendinga á liðnum árum.

Deildu með umheiminum



5 Aron Pálmi

Árið 1997 var hinn fjórtán ára gamli Aron Pálmi Ágústsson dæmdur í tíu ára betrunarvist í Texas í Bandaríkjunum fyrir kynferðisbrot gegn sex ára gömlu barni. Aron var tólf ára gamall þegar umrætt brot átti sér stað. Hann sat í unglingafangelsi um tíma og var færður í fangelsi fyrir fullorðna þegar hann varð sautján ára, en honum var síðar sleppt á skilorði og gert að dvelja á heimili sínu með ökklaband undir eftirliti. Frá því að dómur gekk í málinu unnu íslensk stjórnvöld að því að fá Aron framseldan til Íslands af mannúðarástæðum. Þáverandi utanríkisráðherra, Halldór Ásgrímsson, lýsti yfir óánægju sinni með tregðu stjórnvalda í Texas að semja um lausn Arons. Þingmenn á þingi þrýstu á stjörnvöld að beita sér í málinu en allt kom fyrir ekki. Aron varð frjáls ferða sinna árið 2007 og kom til Íslands, þar sem hann hefur hlotið dóm fyrir fjársvik.



4 Börnin heim

Hinn 15. júní árið 1990 fór Halim Al með dætur sínar, Rúnu og Dagbjörtu, í frí til Tyrklands. Það var að minnsta kosti skilningur Sophiu Hansen, móður stúlknanna. Halim Al sneri hins vegar ekki aftur til Íslands og hófst þá átakanleg barátta Sophiu fyrir því að endurheimta dætur sínar. Blásið var til landssöfnunar árið 1992 undir yfirskriftinni Börnin heim, og sendiherra Íslands í Tyrklandi var Sophiu innan handar. Mannréttindadómstóll Evrópu úrskurðaði í september árið 2003 að tyrkneska ríkið hefði brotið gegn Sophiu með því að tryggja henni ekki umgengisrétt við dætur sínar á árunum 1992-1998. Allt kom hins vegar fyrir ekki, stúlkurnar fluttu aldrei aftur til Íslands og eru nú giftar nokkurra barna mæður í Tyrklandi. Sophia hlaut sex mánaða skilorðsbundinn dóm árið 2010 fyrir rangar sakargiftir gegn Sigurði Pétri Harðarsyni, helsta samstarfsmanni síns til áraraða.



3 Bobby Fischer

Einhverra hluta vegna náði hinn sérlundaði og gyðingahatandi Bobby Fischer að heilla þjóðina, hluta hennar að minnsta kosti, árið 1972 þegar hann háði heimsfrægt einvígi við Boris Spasskí um heimsmeistaratitilinn í skák. Svo mikil var ástin á hinum kjaftfora skáksnillingi að íslensk stjórnvöld ákváðu að veita honum ríkisborgararétt árið 2005. Hann sat þá í gæsluvarðhaldi í Japan, hundeltur og eftirlýstur af bandarískum stjórnvöldum fyrir að hafa rofið viðskiptabann við gömlu Júgóslavíu árið 1992, þegar hann tefldi þar við Spasskí í tilefni af því að 20 ár voru liðin frá einvíginu í Reykjavík. Þáverandi utanríkisráðherra, Davíð Oddsson, tilkynnti ákvörðun íslenskra stjórnvalda í lok árs 2004, en þverpólitísk sátt var á þingi um að veita Fischer ríkisborgararétt. Bandarísk stjórnvöld voru langt í frá himinlifandi með ákvörðunina, sem þó dró ekki dilk á eftir sér fyrir Íslendinga.



2 Keikó

Feitasti Íslendingur sögunnar, háhyrningurinn Keikó, fæddist við Íslandsstrendur árið 1976. Hann var fangaður árið 1979 og seldur til þjálfunar. Hann sló eftirminnilega í gegn í kvikmyndinni Free Willy og lék einnig í tveimur framhaldsmyndum um ævintýri háhyrningsins Willy, sem fáir hafa víst séð. Eftir stífar samningaviðræður við bandaríska eigendur Keikós var háhyrningurinn fluttur til Vestmannaeyja árið 1998, en talsmaður hans var rithöfundurinn góðkunni Hallur Hallsson. Keikó fylgdi her aðstoðarmanna, sem ætluðu að þjálfa hann og búa undir að verða sleppt lausum. Í júlí 2002 var Keikó svo gefið frelsið. Hann hélt þá til Noregs, þar sem íbúar sáu til hans og léku við hann. Dýraverndunarsamtök bönnuðu síðar almenningi að nálgast hann, svo Keikó gæti aðlagast lífi háhyrninga. Allt kom þó fyrir ekki, því háhyrningurinn heimsfrægi drapst í desember 2003 vegna lungnasjúkdóms. Margir eru á því að björgunaráætlun Keikós hafi verið eitt allsherjar óraunhæft klúður.



1 Aron Jóhannsson

Knattspyrnumaðurinn Aron Jóhannsson ákvað á síðasta ári að leika fyrir bandaríska landsliðið frekar en það íslenska. Aron fæddist í Alabama í Bandaríkjunum árið 1990 en fluttist til Íslands þegar hann var þriggja ára ásamt íslenskum foreldrum sínum. Það er óhætt að segja að ákvörðun Arons hafi sett hluta íslenska samfélagsins á hliðina. Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, gerði sig eiginlega að fífli í kjölfarið og krafðist þess að Aron endurskoðaði ákvörðunina. Geir sendi bandarískum knattspyrnuyfirvöldum afkáralegt bréf þar sem hann mótmælti ákvörðun Arons hástöfum og ætlaðist einhvern veginn til þess að bandaríska knattspyrnusambandið teldi Aroni hughvarf. Síðan þá hefur Aron leikið nokkra leiki með bandaríska landsliðinu og verið iðinn við kolann hjá félagsliði sínu í Hollandi, AZ Alkmaar.

Airbnb í ellefu stafa klúbbinn

Leiguvefsíðan Airbnb er gríðarlega eftirsóttur fjárfestingakostur hjá sérhæfðum fjárfestum í Bandaríkjunum. Verðmiði Airbnb er kominn yfir 10 milljarða dala.



VIÐSKIPTI
Hallgrímur Oddsson

Ekkert lát virðist vera á hækkandi virði margra nýsköpunarfyrirtækja í heiminum, svokallaðra „startup“-fyrirtækja. Sérhæfðir fjárfestingarsjóðir keppast við að leggja þeim til fé og veðja á að verðmæti þeirra í framtíðinni verði margfalt á við fjárfestinguna í dag. Nýjasta dæmið um svimandi háa verðlagningu slíkra fyrirtækja er leiguvefsíðan Airbnb.com. Wall Street Journal greindi frá því í síðustu viku að stórir fjárfestingarsjóðir vildu fjárfesta fyrir um 400 til 500 milljónir dollara í vefsíðunni. Ef kaupin ná fram að ganga kemst Airbnb í „11 tölustafa klúbbinn“, það eru þau startup-fyrirtæki sem metin eru á yfir tíu milljarða dollara.

Til þess að setja töluna í samhengi má benda á að tíu milljarðar dollara samsvara yfir 1.100 milljörðum króna, eða rúmlega 60% af landsframleiðslu Íslands á síðasta ári. Í nærtækari samanburði er bent á að markaðsvirði Wyndham Worldwide-hótelkeðjunnar, sem skráð er á hlutabréfamarkað á Wall Street, er um 9,3 milljarðar dollara. Verðmæti Airbnb er þannig metið hærra en virði risastórrar og alþjóðlegrar hótelkeðju sem samanstendur af 7.500 hótelum.

„Nýjasta dæmið um svimandi háa verðlagningu slíkra fyrirtækja er leiguvefsíðan Airbnb.com.“

Fréttaskýrendur og sérfræðingar hafa margir hverjir lyft brúnum yfir „ástandinu“ sem nú ríkir á mörkuðum nýsköpunarfyrirtækja og setja tímabilið jafnvel í samhengi við .com bóluárin í kringum aldamótin síðustu. Skemmst er að minnast kaupa Facebook, óumdeilds risa startup-fyrirtækjanna, á samskiptafyrirtækinu WhatsApp. Þau gengu í gegn fyrir aðeins nokkrum vikum og greiddi Facebook samtals um 19 milljarða dollara fyrir fyrirtækið. Fleiri hafa sótt sér fjármagn á síðustu misserum með tilheyrandi hækkunum á óskráðum hlutabréfum sínum, meðal annars Dropbox, Pinterest og leigubílaþjónustan Uber.

TROMMARI BARRY MANILOW ÖRLAGAVALDUR

Vefsíðan Airbnb.com var stofnuð af þremur Bandaríkjamönnum í San Francisco í október árið 2007. Hugmynd þeirra gekk út á að leigja eigin íbúð til ráðstefnugesta í borginni og ná sér þannig í aura fyrir eigin leigu. Tæpum tveimur árum síðar voru notendur síðunnar enn fáir, þrátt fyrir þeir hafi kynnt síðuna með sérstöku „Obama O's" morgunkorni á þingi Demókrata og dreift kynningarefni á hinni árlegu South by Southwest-tónlistarhátíð.

Árið 2009 fóru hjólin að snúast fyrir alvöru þegar fjárfestingarsjóðurinn Sequoia Capital fjárfesti fyrir um 600 þúsund dollara. Haft var eftir Greg McAdoo, sem þá var einn eigenda Sequoia, að aldrei áður hefði sjóðurinn verið svo snöggur að taka ákvörðun um fjárfestingu. Sjóðurinn kom að Airbnb aðeins nokkrum dögum eftir að stofnendurnir kynntu fyrirætlanir sínar.

Í upphafi var viðskiptahugmynd þremenninganna í San Francisco sú að gestir greiddu fyrir gistingu í heimahúsum og fengju auk þess morgunmat matreiddan af gestgjöfum. Einn notenda sem hóf að nota síðuna árið 2009 til útleigu hafði þó mikið að segja um viðskiptalíkan Airbnbn, þegar hann ákvað að leigja út íbúð sína án gestgjafa. Það vildi svo til að sá er trommari í hljómsveit Barry Manilow*. Ákvörðun hans um að leigja íbúðina alla, án gestgjafa og morgunmatarverðs, virðist lítilvæg. En hún opnaði augu stofnendanna fyrir auknum möguleikum síðunnar og leiddi til þess sem hún er í dag.

Frá 2010 hafa enn fleiri fjárfestar og fjárfestingasjóðir komið að rekstrinum, meðal annars stofnandi LinkedIn og hjartaknúsarinn Ashton Kutcher. Á árinu 2011 var virði vefsíðunnar metið á 1,3 milljarða dollara og árið 2012 var það 2,5 milljarðar. Nú er útlit fyrir að það verði 10 milljarðar dollarar, sem kemur síðunni í fámennan klúbb verðmætustu startup-fyrirtækja heims.

Lyfta brúnum

Það er að sjálfsögðu ekki slæmt að fyrirtæki sem vinna að nýstárlegum lausnum í þágu neytenda, eins og Airbnb og áðurnefnd fyrirtæki gera, njóti áhuga fjárfesta. Spurningar dagsins í dag snúa helst að verðlagningunni og því hvar hún liggur. Með öðrum orðum: Undir hvaða verðmiða standa fyrirtækin?

Sú spurning leiðir að þeirri næstu. Hvernig getur vefsíðan Airbnb.com, sem gerir húseigendum kleift að leigja út íbúðir sínar að hluta eða öllu leyti, verið verðmætari en risastór og alþjóðleg hótelkeðja? Holman Jenkins Jr., blaðamaður og pistlahöfundur WSJ, bendir réttilega á að verðmæti óskráðs félagsins endurspegli ekkert annað en einstök viðskipti milli fárra aðila, þ.e. fjárfestingarsjóðanna og stjórnenda Airbnb. Hann telur líklegt að fjárfestingarsjóðirnir sjái fram á að ávaxta sitt pund ef og þegar fyrirtækið fer á hlutabréfamarkað.

Ljóst er að sérfræðingar fjárfestingarsjóðanna eru margfalt bjartsýnni en ýmsir háskólaprófessorar og óháðir sérfræðingar, sem sjá ómögulega hvernig Airbnb getur

verið svo mikils virði. Þannig segir Jim Ellis, sem kennir viðskiptafræði við Stanford-háskóla, að virðismat á startup-fyrirtækjum sé komið upp úr öllu valdi. Kollegi hans í viðskiptadeild Dartmouth Tuck bendir á að einhverjir fjárfestar muni standa uppi sem sigurvegarar og enginn vilji missa af því tækifæri. Það drífi sjóðina áfram til frekari fjárfestinga.

MILLJARÐS DALA VERÐLISTINN

Dow Jones VentureSource og Wall Street Journal halda úti merkilegum lista yfir þau nýsköpunarfyrirtæki sem eru metin á milljarð dollara eða meira. Listinn kallast „The Billion-Dollar Startup Club“ og telur yfir 30 fyrirtæki. Á listanum eru ekki þau fyrirtæki sem þegar eru skráð á hlutabréfamarkað, eins og Facebook og Twitter. Listinn sýnir hversu háar fjárhæðir fjárfestar hafa lagt til rekstursins og hvert verðmat fyrirtækisins er miðað við síðustu viðskipti með hlutafé.

Í dag eru einungis tvö fyrirtæki metin á tíu milljarða dollara. Það er kínverska farsímafyrirtækið Beijing Xiaomi Technology og bandaríska geymslusíðan Dropbox. Líklegt er að Airbnb komist að hlið þeirra á toppi listans á næstu misserum en miðað við síðustu viðskipti er Airbnb metið á 2,5 milljarða dollara. Önnur þekkt fyrirtæki eru á listanum, meðal annars Spotify, Uber og Snapchat.

Ljón á veginum

Airbnb.com hefur tekjur af öllum þeim eignum sem leigðar eru út í gegnum síðuna. Hluti leiguverðsins rennur til fyrirtækisins, en í dag eru yfir 500 þúsund herbergi, íbúðir, kastalar, bátar og aðrar eignir skráðar til útleigu á síðunni. Eignirnar eru í 33 þúsund borgum í 192 löndum, að því er stjórnendur greindu sjálfir frá í september síðastliðnum. Alls hafa 8,5 milljónir gesta notað þjónustu vefsíðunnar frá stofnun hennar árið 2008. Flestir nýttu sér þjónustuna á síðasta ári, þegar notendum fjölgaði um 112%. Aukningin sýnir vel öran vöxt vefsíðunnar á allra síðustu misserum.

Vöxturinn hefur ekki eingöngu vakið eftirtekt fjárfesta, því yfirvöld víða um heim hafa einnig tekið til skoðunar hvort lögum og reglum sé fylgt. Athyglin er fremur á notendum síðunnar en heimasíðunni sjálfri, því til skoðunar er hvort húseigendur hafi tilskilin leyfi fyrir útleigu til ferðamanna og að greidd séu lögbundnir skattar og gjöld af leigutekjum. Reykjavík er þar engin undantekning og var greint

frá því í byrjun febrúar að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, í samstarfi við Ríkisskattstjóra, hefði í desember heimsótt 35 íbúðir þar sem gisting var auglýst á vefsíðum á borð við Airbnb og Facebook.

Airbnb-hagkerfið

Vinsældir vefsíðunnar hafa leitt til þess að margir tala um sérstakt hagkerfi, Airbnb-hagkerfið. Nýverið fjallaði New York Times um hagkerfið og ræddi við fjölmarga sem hafa tekjur af síðunni. Flestir viðmælenda neituðu að gefa upp fullt nafn vegna þess að útleigan er á gráu svæði skattalaganna. Í New York-ríki eru nefnilega lög sem banna húseigendum að leigja út íbúðir skemur en til 30 daga í senn. Algengustu viðskiptavinir Airbnb eru ferðamenn sem dvelja aðeins í nokkra daga eða vikur.

Og ljái viðmælendunum hver sem vill. Á síðasta ári veitti Airbnb yfirvöldum upplýsingar um að fjörutíu umsvifamestu útleigjendur síðunnar hefðu hver um sig aflað að jafnaði 400 þúsund dollara á síðustu þremur árum, samtals um 35 milljóna dollara. Það eru um fjórir milljarðar króna, hvorki meira né minna.

ÍTAREFNI

Gríðarlegur vöxtur

Blaðamaðurinn Zoran Basich hjá Wall Street Journal skrifaði um Airbnb á dögunum

Smelltu á fyrirsagnirnar til að lesa ítarefnið



Öruggari kortaviðskipti **með posa**

Söluaðilar með afgreiðslukerfi geta fengið **hraðvirka** og **örugga posa** eða **örgjörvalesara** frá Valitor sem eru tengdir við afgreiðslukerfi.


Þú sérð um **söluna** — við sjáum um **greiðsluna**

VALITOR

525 2255 // sala@valitor.is // www.valitor.is

Fáfræði ógnar heilsu og fjárhag

Vanþekking Íslendinga á áhrifum myglusveppa á heilsu og fjárhag er gríðarleg. Hverfi og staðsetning ræður verð fasteignar frekar en ástand hennar. Efla þarf forvarnir, setja skýrari reglur um eftirlit og útfæra hvernig bregðast eigi við.



NEYTENDAMÁL
Kristín Clausen
@krc1_kristn

Að mörgu er að hyggja þegar grunur leikur á að myglusveppi sé að finna í fasteign. Í flestum tilfellum bera einstaklingar fjárhagslega ábyrgð á tjóninu. Erfitt getur verið að sækja bætur þegar um leyndan galla er að ræða. Í Noregi eru myglusveppir í húsum viðurkennt heilbrigðisvandamál en á Íslandi lítur kerfið undan. Embætti Landlæknis hefur ekki gefið út leiðbeiningar varðandi áhrif myglusveppa á heilsu fólks og erfitt getur reynst að fá viðeigandi læknisaðstoð.

Þegar hús mygla lítur kerfið undan

Fyrsta skrefið þegar húsráðanda grunar að raki og mygla sé í húsinu er að fá viðurkenndan fagaðila til að taka út fasteignina. Ef myglusveppir finnast er oft hægt að laga vandamálið með litlum tilkostnaði en í ákveðnum tilfellum getur viðgerðarkostnaður hlaupið á milljónum króna. Ábyrgðin liggur hjá húseiganda nema ef um staðfestan fasteignagalla er að ræða.

„Í mörgum tilfelllum er bæði tímafrekt og dýrt fyrir húseigendur að leita réttar síns og oft slagar lögfræðikostnaður húseiganda hátt upp í bótakröfuna.“

Verktakafyrirtæki, hönnuðir og aðrir sem bera ábyrgð á leyndum göllum í fasteign eru í mörgum tilfellum orðnir gjaldþrota eða hafa skipt um kennitölu þegar gallinn kemur í ljós. Þar af leiðandi getur reynst erfitt að sækja bætur. Byggingastjórar bera fjárhagslega ábyrgð á þeim verkum sem þeir hafa umsjón með þegar ofangreindir aðilar geta ekki staðið straum af kostnaði á viðgerð. Í mörgum tilfelllum er bæði tímafrekt og dýrt fyrir húseigendur að leita réttar síns og oft slagar lögfræðikostnaður húseiganda hátt upp í bótakröfuna.

Í Noregi er byggingarreglugerð mjög ítarleg og sveitarfélög bera ábyrgð á eftirliti. Fimm árum eftir að hús er byggt gerir viðkomandi sveitarfélag úttekt á húsinu þar sem meðal annars er farið yfir hvort leyndir gallar séu til staðar.

Ísland núll, Noregur eitt

Þorsteinn Þorsteinsson, deildarstjóri hjá tryggingafélaginu

VÍS, segir myglu í húsum erfið og vandmeðfarin mál. Hann bendir á að mygla í húsum hafi alltaf verið til staðar en sé nú orðið mikið vandamál, þar sem mikil vitundarvakning hafi orðið undanfarin ár.

Tryggingafélög bæta einungis skaða af völdum myglusveppa ef mygla kemur upp í kjölfar vatnstjóns. Ástæðu þessa segir Þorsteinn vera að ekki séu til bótaliðir í gildandi vátryggingum sem beinlínis taki á tjóni vegna sveppagróðurs. Eins vanti stöðluð mæligildi á því hvenær eiturefni í myglusveppum verði skaðleg heilsu fólks. Þar til þau verði formlega skilgreind verði tjón beintengd myglu í íslenskum húsum óvátryggjanleg. Einnig bendir Þorsteinn á að stór tjón tengd myglu myndist á löngum tíma, en það stríði gegn eðli skaðatryggingar, sem einungis nái yfir atvik sem beri að óvænt og skyndilega.

Þorsteinn segist ekki bjartsýnn á að tryggingaskilmálar með tilliti til myglusveppa í íslenskum húsum breytist í náinni framtíð, þar sem rannsóknir vanti á því sviði.

Í Noregi er þessu öðruvísi háttað. Tæplega fjörutíu prósent Norðmanna eru með sérstaka tryggingu fyrir myglusveppum og eru meðvituð um „veik hús“ sem áhættuþátt í heilsu fólks. Þar í landi er unnið markvisst að því að koma í veg fyrir vandmálið. Fólki sem lendir í myglu-vandamálum í ótryggðum húsum gefst kostur á að fá lán í banka og lántakandi fær þá hluta af kostnaðinum endurgreiddan í formi skattaafsláttar.

Áhrif myglusveppa á fólks

Áhrifin helst á taugakerfi og öndunarfæri

a) Frá taugakerfi eru höfuðverkur, erfiðleikar við að muna, þvoglumælgi, svimi, máttleysi, truflanir á jafnvægi og sjóntruflanir;
b) Almenn vanlíðan, svo sem mikil þreyta, uppþemba, útbrot eða afrifur, vanlíðan og vöðvakippir;
c) Í augum og öndunarfærum eru einkenni í nefi, óþægindi í afholum nefs (skútum), hósti, rennur úr augum, særindi í hálsi, geta aðeins talað lágt, þungt fyrir brjósti og mæði.

Meiri upplýsingar fylgja þvottavél en fasteign

Þegar upp koma vandamál í fasteignum er það í áttatíu prósentum tilfella vegna raka og myglu. Víða erlendis þegar fólk gerir tilboð í fasteign kemur viðurkenndur fagaðili og metur íbúðina með tilliti til raka og myglu áður en gengið er frá kaupsamningi. Þannig er settur þrýstingur á



Raki framkallar bestu skilyrðin fyrir myglusveppi

Hvernig er hægt að fyrirbyggja vöxt myglusveppa

- Stöðva allan leka sem allra fyrst.
- Þurrka strax eða fjarlægja byggingarefni sem hafa blotnað við leka eða vatnstjón.
- Loftraki innandyra er æskilegur 30-55%, hann má helst ekki fara yfir 60%.
- Loftflæði þarf að vera stöðugt og loftskipti regluleg. Opnið glugga reglulega og notið eldhúsviftur eða aðrar viftur sem soga loftið út.
- Þurrkari (sem er ekki með rakaþétti) skal ávallt blása út úr húsnæði.
- Fylgjast sérstaklega með gluggum þar sem rúðurnar „gráta“ .
- Mikilvægt er að fylgjast vel með fúgu og þéttiefnum í baðherbergjum.

fasteignaeigendur, fasteignasala og aðra að fylgjast með ástandi húsa. Þetta fyrirkomulag þekkist ekki á Íslandi og oftar en ekki er það fermetraverð og hverfi sem ræður því hvað fasteignin kostar fremur en ástand íbúðarinnar.

Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, líffræðingur hjá Húsum og heilsu, segir að styrkja þurfi umgjörð og eftirlit með húsum almennt hér á landi. Réttast væri að við kaup og sölu á fasteignum væri til staðfest yfirlit yfir hvaða framkvæmdir hefði verið ráðist í. Þannig verði hinn almenni fasteignaeigandi betur upplýstur um ástand fasteignar. „Þú kaupir þvottavél og henni fylgir þykkur bæklingur en þegar þú kaupir fasteign fylgir ekkert nema orð fyrri eiganda.“

Sylgja segist þekkja mörg dæmi um fólk sem hafi keypt fasteign í góðri trú vegna upplýsinga frá fyrri eigendum um að allt væri í stakasta lagi. Þegar hins vegar sé betur að gáð sé svo ekki. Samtök iðnaðarins taka undir áhyggjur Sylgju en í umsögn þeirra frá árinu 2013 segir að mikilvægt sé að settar verði skýrari reglur um skoðun og ástand mannvirkja.

Mygla veldur truflun í ónæmiskerfinu

Embætti Landlæknis hefur enn ekki gefið út leiðbeiningar um áhrif myglusveppa á heilsu fólks. Sylgja segir að íslenskir læknar séu hins vegar orðnir meðvitaðri um myglusveppi sem áhættuþátt í heilsu fólks. „Það er búið að sýna fram á að raki og mygla valda truflun á ónæmiskerfinu,“ segir Sylgja en bætir við að rannsóknir á þessu sviði séu enn á frumstigi. Hún segir að fjölmargir læknar um allan heim hafi engu að síður tileinkað sér þær rannsóknir sem þó liggi fyrir. Það sem einkum vefjist fyrir vísindamönnum sé að finna viðmiðunarmörk

eða mælanleg áhrif þessara lífrænu „efnasúpu“ á líkamann við innöndun.

Í Noregi eru myglusveppir viðurkennt heilbrigðisvandamál. Á heimasíðu norska heilbrigðisráðuneytisins og á vefsíðu norsku lýðheilsustöðvarinnar er hægt að finna hafsjó af fróðleik um myglusveppi og gæði innilofts.

Fárveikt og stórskuldugt

Þverpólitísk sátt ríkir um þingsályktunartillögu um breytingar á lögum og reglum um myglusveppi hérlendis. Nú er í höndum Alþingis að hraða málinu í gegn. Þingmenn hafa viðurkennt vanþekkingu samfélagsins á málefninu. Guðbjartur Hannesson, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði í þingræðu í október 2013 að fyrir nokkrum árum hefði komið inn á borð til hans mál fjölskyldu sem hefði uppgötvað að veikindi á heimilinu stöfuðu af myglusveppi. Málið endaði þannig að húsið var rifið og nýtt hús byggt á staðnum. Guðbjartur bendir á að þegar fólk lendi í því að þurfa að byrja upp á nýtt sitji það uppi með skuldirnar af eldra húsinu um leið og það beri kostnaðinn af því nýja. Hefði húsið til að mynda brunnið væri sagan allt önnur.

Guðbjartur segir að á þessum tíma hafi hann gert sér fyllilega grein fyrir vanþekkingunni á þeim sjúkdómum sem geti stafað af myglusveppunum og skilningsleysinu á því að húsið sjálft gæti verið áhrifavaldur á heilsu heimilismanna. Guðbjartur segir sjúkdómana aðalatriðið auk þess hvernig hægt sé að forða fólki frá því að lenda í slíkum aðstæðum. Efla þurfi þekkingu innan heilbrigðiskerfisins og útfæra á markvissan hátt hvernig bregðast skuli við.

ÍTAREFNI

Vefsvæði WHO um loftgæði og heilsu

Skýrsla WHO um loftgæði innandyra

Mygluvandamál til skoðunar hjá Mannvirkjastofnun

Fréttaveita umhverfis- og auðlindaráðuneytisins

Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun laga og reglna með tilliti til myglusveppa og tjóns af völdum þeirra

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Smelltu á fyrirsagnirnar til að lesa ítarefnið



SJÖ SPURNINGAR

Silja Bára Ómarsdóttir

Aðjúnkt við Háskóla Íslands

Hvað á að gera um helgina?

Á föstudag kem ég til Mariehamn á Álandseyjum, þar sem ég sæki og tala á ráðstefnu um friðarmál á Norðurlöndum. Daginn eftir er svo vinnufundur hjá hópnum sem stendur að ráðstefnunni, svo að ég verð aðallega að vinna. Á sunnudag þarf ég svo að koma mér til Cork á Írlandi.

Hver er uppáhaldsbókin þín?

Það er erfitt að velja. Ég hef mjög gaman af „Young Adult"-bókmenntum og sú sem stendur upp úr þar er The Carbon Diaries 2015, um líf unglingsstúlku í Englandi eftir að skömmtun er hafin á kolefnislosun vegna gífurlegra áhrifa af loftslagsbreytingum. Er annars að lesa skemmtilega bók núna, sem heitir „A General Theory of Love", og fjallar um vísindin á bak við tilfinningar.

Styður þú fyrirhugað verkfall háskólakennara?

Já.

Hver er helsta fyrirmynd þín í lífinu?

Cynthia Enloe og vinkonur mínar.

Hver er uppáhaldsborgin þín?

Úff. Jerúsalem, Belgrad, Ho Chi Minh-borg, Portland í Oregon...

Hvaða sjónvarpsþættir eru í uppáhaldi þessa dagana?

Ég bíð spennt eftir næstu seríu af Orange Is the New Black.

Hvað truflar þig mest við íslenskt samfélag í dag?

Facebook. Og fréttir um það sem gerist á Facebook. Sérstaklega það síðara.

AF NETINU

Samfélagið segir

... um skuldaniðurfellingar-tillögur ríkisstjórnarinnar

Facebook



HEIÐA B HEIÐARS

Nú má kaupa húsnæði fyrir peningana sína. #heimsmet #skuldaleiðrétting


þriðjudagur 25. mars



BJORN STEINBEKK

Með ónýtan gjaldmiðil í gjaldeyrishafta landi sem flytur inn yfir 90% af allri neyslu þá mun hverjum þeim sem tekst að spara 1.5 mkr á 12-18 mánuðum fá sjálfkrafa Nóbelsverðlaunin í hagfræði en samt bara eftir að þau eru búin að borga námslánin.

þriðjudagur 25. mars



HJÁLMAR GÍSLASON

Það má gera ýmislegt fyrir 80 milljarða. Ég myndi a.m.k. hugsa mig vandlega um.

þriðjudagur 25. mars

Twitter

ICECAFÉ @icecafe4u

Ég vil peningaz. Núna! @johannesthor @sigmundurdavid


þriðjudagur 25. mars



HUGINN ÞORSTEINSSON @huginnf

Í dag verður niðurfelling skulda kynnt og menn geta halað niður rafaurum eins og enginn er morgundagurinn

þriðjudagur 25. mars



OLAFUR MARGEIRSSON @IcelandicEcon

Icelandic government to reveal today how debt jubilee will be carried out, i.e. the bill itself

þriðjudagur 25. mars

BAKHERBERGIÐ

Hver verður fréttastjóri á RÚV?

Óðinn Jónsson, fréttastjóri RÚV, hyggst ekki sækja um endurráðningu. Talað er um að Framsókn ætli sér fréttastjórastöðuna. Björn Ingi Hrafnsson og Þór Jónsson hafa verið nefndir í því sambandi, sem og Ólafur Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins, sem verður seint bendlaður við Framsóknarflokkinn. Þá fullyrða gárungarnir að Ólína Þorvarðardóttir muni sækja um stöðuna, og allar hinar framkvæmdastjórastöðurnar hjá RÚV sem hafa verið auglýstar. Sigríður Hagalín Björnsdóttir, varafréttastjóri á RÚV, hyggst sækja um fréttastjórastöðuna og er talin líklegust til að fá hana.

Árangur áfram, ekkert stopp... eða þannig

Framsóknarflokkurinn fer með stjórn landsmálanna í ríkisstjórn þar sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, er formaður. Hann er Reykvíkingur en færði sig yfir í Norðaustur-kjördæmi fyrir kosningarnar í fyrra. Þar er mikið vígi Framsóknarflokksins, hans dýpstu rætur. Í Reykjavík er staða flokksins með miklum ólíkindum um þessar mundir miðað við það að flokkurinn er við stýrið í landsmálunum. Stuðningur við hann í Reykjavík mælist um þrjú prósent í könnunum nú þegar tæpir tveir mánuðir eru til kosninga.

Sjúkdóma-trygging sem hægt er að endurvekja



NÝJUNG Á ÍSLANDI

OKKAR Sjúkdómatrygging XL er nýjung hér á landi. Tryggginguna er hægt að endurvekja eftir að bætur hafa verið greiddar úr henni og þannig geta viðskiptavinir OKKAR tryggt sig aftur gegn sjúkdómum sem kunna að knýja dyra síðar meir.

Smelltu hér
og kynntu þér málið á www.okkar.is eða hringdu í síma 540 1400

www.okkar.is

okkar
- til öryggis síðan 1966











Smelltu á myndirnar til að sjá þær stærri og lesa um augnablikin

VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Berglind Rós Guðmundsdóttir, þróunarhópstjóri hjá CCP

Eins og borð í Candy Crush



VIÐTAL
Kristín Clausen
@krc1_kristn

Á sólbjörtum morgni er ekki leiðinlegt að stíga inn í ævintýraheim tölvuleikjaframleiðandans CCP. Vinnustaðurinn er þéttskipaður tölvum og fólki en líkt og í öðrum fyrirtækjum innan tæknigeirans eru konur í miklum minnihluta. Berglind Rós Guðmundsdóttir, þróunarhópstjóri CCP, hefur tekið þátt í átaksverkefnum sem miða að því að virkja konur í að sækja sér menntun í tæknigreinum og vekja áhuga þeirra á þessum karllæga bransa.

Eina konan í tölvunarfræði

Berglind Rós er uppalin á Egilsstöðum en flutti til Reykjavíkur eftir stúdentspróf og fór í tölvunarfræði í Háskóla Íslands. „Áhuginn á tölvum kviknaði þegar ég var tólf ára, mér fannst gaman að fikta en seinna fór ég að skoða tölvuna út frá atvinnutækifærum."

„Strákarnir hafa oft klúrari húmor og ég hef verið í ráðstefnupartíi erlendis þar sem voru dansandi stelpur í búrum."

Þegar Berglind byrjaði í náminu var hún eina konan í deildinni. Hún segir það hafa verið óvenjulegt, en ári seinna bættust nokkrar konur í hópinn. Eftir að Berglind lauk námi árið 1996 vann hún í ellefu ár hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Hugvit. Þaðan lá leiðin til CCP, þar sem hún forritaði tölvuleikinn EVE Online í fimm ár. Í dag er Berglind í stjórnunarstöðu yfir forritunarteymi innan CCP.

Tæknin er skapandi og skemmtileg

Hjá CCP eru konur 17 prósent starfsmanna. Konurnar starfa aðallega í mannauðsdeild, á skrifstofu og sem millistjórnendur. Þeir sem vinna að forritun eru að stærstum hluta karlar. Einungis tíu prósent forritara CCP eru konur.

Spurð um astæðu þess að konur eru í miklum minnihluta forritara segir Berglind að konum detti ekki í hug að þær geti átt erindi í nám af þessu tagi. Hún segir almennan misskilning að fólki haldi að forritarar séu aðeins þeir sem hafi legið yfir tölvum frá unga aldri og jafnvel misskilji hvað forritun í raun og veru sé.

Berglind segir forritun fyrst og fremst snúast um rök-



Konur í minnihluta
Hjá CCP er Berglind ein fárra kvenna í forritunarteyminu. Hún segir konur misskilja hvað forritun sé í raun og veru. Þess vegna séu þær í minnihluta.

Mynd: Anton Brink

hugsun, greina aðalatriði frá smáatriðum og getuna til að vinna í hópi. Hún líkir forritun við þá tilfinningu að klára erfitt borð í tölvuleik. „Að forrita snýst um að finna gleðina í því að ná takmarkinu, halda áfram í næsta borð og svo koll af kolli.“ Hún segir að einnig megi líkja forritun við púsluspil þar sem verkefnin snúist oft um að raða bitum og fá þá til að passa inn í formúluna.

Kynjahlutfallið hefur lítið breyst

Berglind hefur tekið þátt í tveimur átaksverkefnum þar sem farið var inn í framhaldsskóla og raungreinar kynntar fyrir stelpum. Hún segir að markmiðið með átökum af þessu tagi sé að fá stelpur til að detta í hug að þær geti haft áhrif á tækni, rétt eins og strákarnir.

Það sem kemur Berglindi helst á óvart er hversu lítið kynjahlutfall í tæknigeiranum hefur breyst. „Mér hefði aldrei dottið í hug að kynjaskipting í tölvunarfræði væri jafn mikil í dag og hún var þegar ég var í námi.“



Leit á tölvuna sem atvinnutækifæri
Berglind valdi sér forritun þegar hún gekk í háskóla. Hún var ein kvenna í tölvunarfræðináminu til að byrja með en þá bættust fleiri í hópinn. Berglind hefur tekið þátt í tveimur átaksverkefnum meðal kvenna í framhaldsskólum til að reyna að fjölga konum í stéttinni.

Berglind segir að kynjakvóti í fyrirtækjum geti átt rétt á sér en segir rannsóknir benda til að bæði karlar og konur hafi tilhneigingu til að ráða frekar karla í ákveðin störf og þá sérstaklega innan tæknigeirans. Hún segir konur ósjálfrátt verða út undan í ráðningarferlinu, þar sem tölvugeirinn sé karlmiðaður. Hjá CCP sé stefnan að hafa blandaða hópa en þrátt fyrir það hafi ekki tekist að breyta hlutföllunum undanfarin ár. Ef til vill þurfi að endurskoða starfslýsingar og annað svo fleiri konur sæki um auglýst störf en einnig sé mikilvægt að kynna forritun fyrir stelpum og fá fleiri í nám.

Berglind segist ekki finna fyrir því að vera kona í karlaheimi CCP. Hún segist aldrei hafa upplifað sig í verri stöðu fyrir að vera kona en bætir við að ákveðinn karlakúltúr sé í kringum tölvuleikina. „Strákarnir hafa oft klúrari húmor, og ég hef verið í ráðstefnupartíi erlendis þar sem voru dansandi stelpur í búrum," segir Berglind sposk á svip og bætir við að hún leiði það hjá sér.

Ísland ekkert draumaumhverfi

Berglind segir óstöðugleika í íslensku efnahagslífi hafa reynst CCP erfiðan. „Við erum í mjög erfiðu umhverfi eins og er. Gjaldeyrishöftin flækjast mikið fyrir okkur og erlendu starfsfólki sem er okkur nauðsynlegt." Hún segir fyrirtækið hafa tekið meðvitaða ákvörðun um að halda höfuðstöðvum sínum á Íslandi eftir hrun, en eins og Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdarstjóri CCP, nefndi á Iðnþingi nýverið hafi það eftir á að hyggja ekki verið skynsamleg ákvörðun.

Berglind segir að á Íslandi sé mikill skortur á tæknimenntuðu fólki. Hún segir forritara ekkert endilega þurfa að vera tölvunarfræðinga. Flestir þeir sem læri raungreinar kunni að forrita upp að ákveðnu marki. Alltaf sé eftirspurn eftir góðu fólki og það hafi ekkert breyst þrátt fyrir kreppu og atvinnuleysi. Berglind vonar að hlutur kvenna í atvinnugreininni eigi eftir að aukast á komandi árum. Greinin sé ung og forritun sé áhugavert og spennandi fag, sama af hvoru kyni fólk sé.

ŠKODA



Nýr ŠKODA Rapid Spaceback

Nýstárlegt og glæsilegt útlitið kemur á óvart, en þú verður fyrst verulega hissa þegar þú kemur inn í bílinn og finnur hversu rúmgóður hann er. Fóta- og höfuðrýmið í þessum fyrsta hlaðbaki sinnar tegundar frá Škoda er nefnilega það mesta sem fyrirfinnst í þessum stærðarflokki bíla. Skyggða sóllúgan, sem hægt er að fá sem aukabúnað, og stór afturrúðan auka svo enn frekar á frelsistilfinninguna. Þegar við þetta bætast allar góðkunnu „Simply Clever" lausnirnar frá Škoda er útkoman bíll sem á engan sinn líka. Sestu inn og njóttu þess að láta fara vel um þig.

Nýr ŠKODA Rapid Spaceback kostar aðeins frá:

3.080.000,-

m.v. ŠKODA Rapid Spaceback 1.2TSI, 86 hestöfl, beinskiptur.

4,4 — Eyðsla frá 4,4 l/100 km

114g — CO_2 frá 114 g/km

ÖRYGGI — 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNcap

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · www.skoda.is



SPES Draugabanar kallaðir til í smábæ í Bandaríkjunum

Drauga leitað í búðinni

Í bænum Gilford í New Hampshire er ýmislegt einkennilegt í gangi. Þar eru draugabanar nú komnir á stjá eftir að eftirlitsmyndavélar náðu einkennilegri færslu á glermunum á mynd. Hún sýnir glögglega þegar glermunur færist til, dettur í gólfið og brotnar. Eigendur búðarinnar voru fljótir að draga ályktanir; draugur.

Næsta mál á dagskrá hjá eigendum búðarinnar, Ellacoya Country Store, var að kalla til draugabana og biðja þá að ná þeim sem væri að brjóta glermuni í búðinni að nóttu til. Þrátt fyrir nokkuð ítarlega leit hefur ekkert fundist, að því er fram kom í frétt wmur.com um málið. „Við höfum heyrt um nokkur tilvik hér í búðinni þar sem viðskiptavinir hafa kvartað yfir því að einhvera hafi togað í þá eða eitthvað þess háttar, en ekkert þessu líkt hefur komið upp áður," sagði eigandi verslunarinnar í viðtali við vmur.com. Fleiri viðmælendur fréttamannsins eru steinhissa á því sem þeir sjá á myndbandinu og fullyrða að ekkert annað komi til greina en draugur.

Nú verður spennandi að sjá hvort ekki komi framhaldsfrétt innan tíðar þar sem árangur draugabana í Gilford verður í brennidepli. Bill Murray og félagar úr kvikmyndinni Ghostbusters hefðu vafalítið náð að handsama drauginn. Ef hann væri á staðnum.

kjarninn 27. mars 2014

Bankar búa til fé sem þeir lána út

Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, skrifar um betra peningakerfi.

Óhætt er að segja að grein um peningamyndun sem birtist í nýjasta ársfjórðungsriti Englandsbanka komi á óvart. Englandsbanki, sem er seðlabanki Bretlands, segir það vera útbreiddan misskilning að viðskiptabankar þurfi að safna innlánum til að geta veitt lán. Sumar kennslubækur í hagfræði séu rangar að þessu leyti. Hið rétta sé að þegar bankar veiti lán þá búi þeir einfaldlega til nýja peninga. Þessu er nánar lýst í greinum og myndböndum frá Englandsbanka.



Þótt flestum komi þetta kannski á óvart er þetta ekki nýtt fyrir öllum. Undanfarin ár hafa ýmsir hagfræðingar og hugveitur um peningamál vakið athygli á því hvernig bankar búi til peninga með útlánum. Sumir telja jafnvel peningamyndun banka eina af ástæðum vaxandi skuldsetningar, verðbólgu og óstöðugleika í peningakerfum heimsins.

Hvernig býr banki til peninga?

Þegar viðskiptabanki veitir lán hækkar hann upphæðina á hlaupareikningi lántakandans sem nemur upphæð lánsins. Upphæðin á hlaupareikni lántakandans er loforð bankans um að afhenda lántakandanum peningaseðla þegar honum hentar. En lántakandinn vill ekki peningaseðla enda mun þægilegra að nota innstæðuna sjálfa sem gjaldmiðil.

Viðskiptabankar geta einnig búið til peninga með því að kaupa eignir og greiða fyrir þær með innstæðum sem þeir búa til. Flest sem hægt er að eignfæra í efnahagsreikningi geta bankar keypt með peningum sem þeir búa til úr engu.

„Meira en 90% af öllum peningum í hagkerfinu hafa verið búin til af viðskiptabönkum sem lán til viðskiptavina.“

Meira en 90% af öllum peningum í hagkerfinu hafa verið búin til af viðskiptabönkum sem lán til viðskiptavina. Seðlabankinn hefur búið til mjög lítinn hluta af þeim gjaldmiðli sem við notum daglega og köllum íslensku krónuna.

Þótt ótrúlegt sé hafa seðlabankar haft lítinn áhuga á að hemja peningamyndun banka. Þess í stað hafa flestir seðlabankar einblínt á verðbólgumarkmið og notað stýrivexti til að reyna að ná þeim. Hér leiddi sú tíska til þess að íslenskir bankar gátu fimmfaldað peningamagn í umferð á örfáum árum. Seðlabankinn taldi ekki ástæðu til að grípa í taumana. Svo gríðarleg aukning á peningamagni, langt umfram hagvöxt og þarfir hagkerifisins, endaði mjög illa.

Af hverju er þetta leyft?

Það er undarlegt að viðskiptabankar megi búa til peninga úr engu þegar öllum öðrum er það stranglega bannað. Ef einhver maður úti í bæ býr til seðla í tölvuprentaranum sínum og notar þá úti í búð er það kallað peningafölsun – mjög alvarlegur glæpur. Alvaran felst í því að þegar falsaðir peningar komast í umferð rýrnar verðgildi allra peninga sem fyrir eru. Glæpur peningafalsarans felst þannig í því að ræna kaupmætti af öllum sem eiga peninga. Þegar bankar búa til

peninga með útlánum rýrir það sömuleiðis kaupmátt þeirra peninga sem fyrir eru. Spyrja má, af hverju er það þá ekki glæpur líka?

Flestir virðast halda að seðlabankinn búi til peningana en bankarnir láni bara út sparnað fólks. Eftir að Englandsbanki hefur staðfest að bankar búa til þá peninga sem þeir lána út hlýtur fólk að velta því fyrir sér hvort það sé viðunandi. Hver vill taka lán í banka og greiða af því vexti, vitandi að bankinn bjó peningana bara til?

Gegndarlaus peningaprentun og enginn gerði neitt

Krónan hefur rýrnað gríðarlega að kaupmætti frá því 1961 er Seðlabankinn fékk einkaleyfi á útgáfu hennar. Ástæðan er sú að seðlabankinn hefur leyft íslenskum bönkum að búa til allt of mikið af krónum. Áratugum saman fengu bankar að auka peningamagn langt umfram hagvöxt. Afleiðingin af fjölgun króna umfram hagvöxt er sú að kaupmáttur hennar rýrnaði.

„Það er undarlegt að viðskiptabankar megi búa til peninga úr engu þegar öllum öðrum er það stranglega bannað.“

Því er iðulega haldið fram að hér hafi orsök verðbólgu verið víxlverkun kauplags og verðlags. Líklega skipti þó meira máli að bankarnir sem þá voru í eigu ríkisins juku peningamagn skefjalaust, oft um tugi prósenta árlega.

Ríkisbankarnir voru einkavæddir um aldamótin en þá tók ekki betra við. Einkabankarnir voru mun djarfari í útlánum en ríkisbankarnir. Í þetta sinn var verðbólga minna vandamál, því seðlabanki hækkaði stýrivexti og krónan styrktist við það. Sterkari króna þýddi að innfluttar vörur urðu ódýrari og verðbólgan mældist því lægri en ella. Einkabankarnir fengu því að auka peningamagn um tugi prósenta ár hvert þar til útlánabólan sprakk.

Hvað má læra af þessu?

Það er ljóst að þegar bönkum er leyft að búa til peninga búa þeir til eins mikið af peningum og þeir mögulega geta. Krónan tapaði verðgildi sínu vegna gegndarlausrar

peningaprentunar sem fékk að viðgangast áratugum saman án nokkurs sjáanlegs aðhalds.

Það var ekki nóg að setja verðbólgumarkmið til að tryggja stöðugleika krónunnar – það hefði líka þurft að koma í veg fyrir að bankarnir byggju til of mikið af peningum.

Það er ljóst að peningamálum hefur verið afskaplega illa stýrt í fortíðinni og við þurfum að læra af því. Það er mikið svigrúm til að stýra peningamálum betur í framtíðinni en gert hefur verið til þessa. Hafa þarf nánara eftirlit með peningamyndun bankanna. Seðlabankinn gæti til dæmis sett reglur um að bankarnir megi ekki auka peningamagn hraðar en hagvöxtur leyfir. Svo mætti líka banna bönkum að búa til peninga. Þá myndi seðlabankinn sjá um að stýra peningamagni beint. Hægt er að kynna sér þær hugmyndir nánar á vefnum www.betrapeningakerfi.is

SMASSSALAT



PANTA & SÆKJA

5 78 78 74

SAFFRAN



Stefán Eiríksson
lögreglustjóri

kjarninn 27. mars 2014

Eftirlit með starfsemi lögreglu

Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins telur að það yrði lögreglunni til framdráttar ef eftirlit með henni yrði eflt.

Reglulega vakna spurningar um hvernig eftirliti með starfsemi lögreglu sé háttað. Iðulega gerist það þegar eitthvað fer miður í starfsemi hennar eða grunsemdir vakna um refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu. Þær raddir hafa heyrst að slíku eftirliti sé ábótavant og/eða það sé ekki nægilega sjálfstætt og óháð starfsemi lögreglunnar. Í þessari grein verður skoðað undir hvaða eftirliti lögreglan er í dag, bæði af hálfu aðila utan lögreglu og einnig hvernig innra eftirliti og innri endurskoðun lögreglunnar er háttað. Loks verður farið yfir það hvort þörf sé á enn frekara eftirliti með starfsemi lögreglu.

Ytra eftirlit með starfsemi lögreglu

Eins og áður sagði má skipta eftirliti með starfsemi lögreglu í tvo meginflokka, ytra og innra eftirlit. Með ytra eftirliti er hér átt við eftirlit sem aðilar utan sjálfrar lögreglunnar

sinna. Hluti þeirra aðila sem sinna eftirliti með starfsemi lögreglu eru tengdir henni, þ.e. innanríkisráðuneytið og innanríkisráðherra sem er æðsti yfirmaður lögreglunnar í landinu og ríkissaksóknari sem er æðsti handhafi ákæruvalds. Lögreglustjórar heyra undir innanríkisráðherra þegar kemur að meðferð lögregluvalds en þegar kemur að rannsókn og saksókn mála heyra þeir undir ríkissaksóknara. Í þessu felst að ýmsar ákvarðanir lögreglustjóra sem ekki tengjast rannsókn og saksókn mála eru kæranlegar til innanríkisráðherra, t.d. ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli 15. gr. lögreglulaga, auk þess sem innanríkisráðherra hefur almennt eftirlit með starfsháttum lögreglu sem æðsti yfirmaður hennar. Þar á meðal tekur hann við kvörtunum vegna starfsemi lögreglu og tekur þær til frekari meðferðar eftir atvikum hverju sinni eins og dæmi eru um. Ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í umboði innanríkisráðherra og hefur m.a. það hlutverk að flytja og kynna lögreglustjórum boð og ákvarðanir æðstu handhafa ríkisvaldsins sem snerta starfsemi lögreglunnar og vinna að og fylgjast með að þeim ákvörðunum sé fylgt í starfsemi lögreglunnar.

„Meðal þeirra verkefna sem innri endurskoðun lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sinnir er að kanna hvort stjórnendur og aðrir starfsmenn embættisins fari eftir lögum, reglugerðum og ákvörðunum sem stjórnvöld hafa sett um starfsemi þess.“

Hlutverk ríkissaksóknara þegar kemur að eftirliti með starfsemi lögreglu er einkum tengt því að ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvalds í landinu. Hann gefur út almennar reglur og fyrirmæli um meðferð ákæruvalds og hefur jafnframt eftirlit með framkvæmd ákæruvalds hjá öðrum ákærendum, þ.e. lögreglustjórum. Ríkissaksóknari getur gefið öðrum ákærendum fyrirmæli um einstök mál sem þeim er skylt að hlíta. Hann getur kveðið á um rannsókn máls, mælt fyrir um framkvæmd hennar og fylgst með henni eins og fjallað er um í lögum um meðferð sakamála. Ýmsar ákvarðanir sem lögreglustjórar taka í tengslum við rannsóknir mála eru kæranlegar til ríkissaksóknara og segja

má að meginþunginn í eftirlitsstörfum ríkissaksóknara með lögreglu sé við meðferð slíkra kærumála. Í tengslum við meðferð þeirra koma gjarnan fram ábendingar eða athugasemdir við einstaka þætti í verk- eða vinnulagi lögreglu. Þá sinnir ríkissaksóknari öðru eftirliti með rannsóknum lögreglu samkvæmt sakamálalögum, þar á meðal að lögreglustjórar sinni skyldum sínum í tengslum við tilkynningar um beitingu símhlustana o.fl.

Annar stór þáttur í eftirliti ríkissaksóknara með starfsemi lögreglu er það hlutverk sem ríkissaksóknara er falið í VII. kafla lögreglulaga, að rannsaka kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans. Fjöldi þeirra mála á hverju ári skiptir tugum.

Loks má nefna sem dæmi um eftirlitshluverk ríkissaksóknara með starfsemi lögreglu að honum er falið að hafa eftirlit með framkvæmd aðferða og aðgerða samkvæmt reglum um sérstakar aðferðir og aðgerðir lögreglu við rannsókn sakamála.

Aðrir ytri aðilar sem hafa eftirlit með starfsemi lögreglu

Ýmsir aðrir aðilar sem ekki hafa bein yfirstjórnartengsl við lögreglu sinna eftirliti með starfsemi hennar. Nefna má í því sambandi Umboðsmann Alþingis, sem sinnir almennu eftirliti með stjórnsýslu ríkis- og sveitarfélaga og tryggir rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum. Umboðsmaður Alþingis hefur tekið til meðferðar ýmis mál þar sem starfshættir lögreglu hafa verið skoðaðir, oft vegna kvartana frá einstaklingum en einnig eru dæmi um mál sem hann hefur tekið upp að eigin frumkvæði. Einnig má nefna Persónuvernd, sem er sjálfstæð stofnun og annast eftirlit með framkvæmd laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nokkur mál sem snerta starfsemi lögreglu hafa komið inn á borð Persónuverndar til úrlausnar. Þá má nefna að allar skrár sem lögreglan heldur þarf að tilkynna til Persónuverndar þar sem greina þarf frá eðli og tilgangi skrár, hvaða upplýsingar þar sé að finna, hverjir hafi aðgang að henni eða

einstökum hlutum hennar og til hverra upplýsingum úr skrá sé miðlað, sbr. reglugerð um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu. Í umræddri reglugerð er nánar fjallað um eftirlit Persónuverndar með rafrænni vinnslu persónuupplýsinga hjá lögreglu.

„Meðal þeirra verkefna sem innri endurskoðun lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sinnir er að kanna hvort stjórnendur og aðrir starfsmenn embættisins fari eftir lögum, reglugerðum og ákvörðunum sem stjórnvöld hafa sett um starfsemi þess.“

Af öðrum aðilum sem eftirlit hafa með starfsemi lögreglu má nefna Ríkisendurskoðun, sem endurskoðar reikninga lögreglu eins og annarra opinberra aðila. Ríkisendurskoðun hefur einnig það hlutverk að framkvæma stjórnsýsluendurskoðanir og hefur gert það bæði á einstaka lögregluembættum og afmörkuðum þáttum í starfsemi lögreglu eins og t.d. fíkniefnaeftirliti.

Til ytra eftirlits má einnig flokka eftirlit dómstóla með starfsemi lögreglu. Skipta má því eftirliti í tvennt. Annars vegar er það í tengslum við rannsóknir mála, en ýmis rannsóknarúrræði samkvæmt lögum um meðferð sakamála eru háð því að dómstóll samþykki slíkar aðgerðir að kröfu lögreglu. Hins vegar felst eftirlit dómstóla í því að dæma í skaðabótamálum sem höfðuð eru á hendur ríkinu vegna aðgerða lögreglu í tengslum við rannsóknir opinberra mála. Í XXXVII. kafla laga um meðferð sakamála er mælt fyrir um ríkan rétt einstaklinga sem bornir hafa verið sökum í sakamáli til bóta ef mál viðkomandi hefur verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi.

Síðast en ekki síst er rétt að halda hér til haga því eftirliti sem Alþingi hefur með starfsemi lögreglu. Það eftirlit er þó hvorki lögbundið né afmarkað en felst m.a. í fyrirspurnum sem þingmenn hafa lagt fram um einstaka þætti í starfsemi lögreglu og skýrslubeiðnum um einstök mál. Nokkrar fyrirspurnir hafa t.d. verið lagðar fram um símhlustanir lögreglu á undanförnum árum og skýrsla var lögð fyrir Alþingi af dómsmálaráðherra samkvæmt beiðni fyrir nokkrum

árum um framgöngu lögreglu gagnvart mótmælendum Kárahnjúkavirkunar og stóriðjuframkvæmda, svo dæmi sé nefnt.

Hér hefur ekkert verið vikið að því mikilvæga eftirliti og aðhaldi sem lögreglan fær af hálfu fjölmiðla, sem fjalla mikið um starfsemi lögreglunnar almennt og einstök mál ef því er að skipta.

Eftirlit innan lögreglunnar

Til viðbótar því ytra eftirliti sem er með starfsemi lögreglu sinnir lögreglan sjálf margvíslegu eftirliti með starfsemi sinni. Hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hefur frá stofnun embættisins 1. janúar 2007 verið starfrækt sérstök deild innri endurskoðunar. Hún var sett upp í samræmi við tillögur Ríkisendurskoðunar um starfrækslu slíkrar starfsemi innan stofnana ríkisins og hefur það að meginmarkiði að viðhalda og tryggja sem mestan árangur af starfseminni, þar sem einkum er lögð áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir í stað endurskoðunar eftir á. Hlutverk innri endurskoðunar er að skoða, þróa og staðfesta tilvist og virkni innra eftirlits, m.a. með því að kanna að verklagsreglur og verkferlar liggi fyrir og farið sé eftir þeim. Með innra eftirliti er hins vegar átt við innbyggt ferli og stöðugar aðgerðir innan embættisins og hverrar starfseiningar fyrir sig sem stuðla að því að hún nái markmiðum sínum. Slíkt innra eftirlit er því hluti af starfsemi allra starfseininga embættisins og er því sinnt daglega af stjórnendum á hverjum stað með margvíslegum hætti.

Meðal þeirra verkefna sem innri endurskoðun lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sinnir er að kanna hvort stjórnendur og aðrir starfsmenn embættisins fari eftir lögum, reglugerðum og ákvörðunum sem stjórnvöld hafa sett um starfsemi þess. Kannað er reglubundið hvort fyrir liggi uppfærðar handbækur, verklagsreglur, verklýsingar og eftir atvikum myndrænir verkferlar um starfsemi sviða og deilda embættisins og veitt ráðgjöf um endurbætur í þessum efnum til styrkingar á innra eftirliti. Kannað er hvort fyrir liggi skýrar og greinargóðar skriflegar starfs- og verklýsingar þar

sem verksvið, ábyrgð og heimildir einstakra starfsmanna og stjórnenda koma fram og hvort farið sé eftir þessum reglum. Innri endurskoðun kannar einnig hvort aðskilnaður í ósamrýmanlegum störfum sé nægjanlegur, til dæmis hvað varðar meðhöndlun fjármuna og bókhalds, og kannar enn fremur meðferð og varðveislu fjármuna. Þá skoðar innri endurskoðun hvort skráning, meðferð og varðveisla skjala sé í samræmi við verklagsreglur og margt fleira.

Á síðasta ári voru unnar tólf sérstakar skýrslur af innri endurskoðun lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu þar sem farið var yfir ýmsa þætti í starfsemi embættins. Þar á meðal voru skýrslur um meðferð og vörslu fíkniefna hjá embættinu, stöðu lögreglumála hjá einstaka starfsmönnum, framkvæmd sáttamiðlunar, meðferð haldlagðra fjármuna, afskipti af börnum og meðferð og vörslu haldlagðra muna svo nokkur dæmi séu nefnd. Innri endurskoðun kom einnig að ýmsum öðrum verkefnum, meðal annars ráðgjöf og umsögn um ýmsar verklagsreglur.

Er þörf á frekara eftirliti með starfsemi lögreglu?

Eins og rakið var í inngangi hér að framan hefur þeim sjónarmiðum verið fleygt að þörf sé á auknu eftirliti með starfsemi lögreglu og slíkt eftirlit þurfi að vera óháð starfsemi hennar, þ.e. ekki í höndum þeirra aðila sem hafi náin tengsl við hana vegna yfirstjórnarhlutverks. Að mínu viti er með engu móti hægt að taka slíkt eftirlitshlutverk alfarið úr höndum þeirra sem ábyrgð bera á tilteknum málaflokkum, þar sem órjúfanlegur þáttur yfirstjórnarhlutverks er að hafa eftirlit með þeirri starfsemi sem viðkomandi ber ábyrgð á og þar með möguleika til að taka til meðferðar kærur, kvartanir og ábendingar um það sem betur má fara. Á það hefur hins vegar verið bent að ríkissaksóknari sé daglega í nánu samstarfi við lögreglu vegna rannsóknar sakamála og því kunni að vera óheppilegt að hann hafi enn fremur það hlutverk að rannsaka meinta refsiverða háttsemi einstakra starfsmanna lögreglu í tengslum við framkvæmd starfa þeirra. Fremur ætti að setja á laggirnar sjálfstæða einingu sem sinnti slíkum

rannsóknum og eftir atvikum saksókn slíkra mála.

Í tengslum við umræðu um auknar rannsóknarheimildir lögreglu hefur einnig verið fjallað um þörfina á auknu lýðræðislegu eftirliti með starfsemi lögreglu, þ.e. eftirliti sem væri í höndum kjörinna fulltrúa eða aðila sem tilnefndir væru af Alþingi. Slíkt eftirlit er til staðar með starfsemi öryggislögreglu í nágrannalöndum okkar og er talið nauðsynlegt vegna þeirra auknu rannsóknarheimilda sem þar eru til staðar.

Að mínu mati væri fengur að því fyrir lögreglu að eftirlit með starfsemi hennar væri eflt og þar á meðal með þeim hætti að þjóðkjörnir aðilar bæru ábyrgð á því. Í mínum huga er það óháð hugmyndum um auknar rannsóknarheimildir og til þess fallið að auka traust og skilning á störfum lögreglu. Ég tel það einnig vert frekari skoðunar að setja á laggirnar sjálfstæða einingu utan lögreglu sem hefði það hlutverk að rannsaka kærur vegna refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglu, eftir atvikum í tengslum við ríkissaksóknara eða alfarið óháð og ótengt því embætti.

Tillögur frá lögreglustjóra um aukið eftirlit með starfsemi lögreglu koma mögulega einhverjum á óvart, ekki síst í ljósi þess að innra og ytra eftirlit með þeirri starfsemi er í dag umfangsmikið og í höndum margra aðila innan og utan lögreglu eins og hér hefur verið rakið. Það er lögreglunni hins vegar afar mikilvægt að hún njóti víðtæks trausts eins og hún gerir í dag og því þarf að viðhalda og efla ef þess er nokkur kostur. Virkt og aukið eftirliti og fjölbreyttir möguleikar almennings til að koma á framfæri kærum, kvörtunum og ábendingum vegna starfsemi lögreglu, þar á meðal til óháðra aðila, er mikilvægur þáttur í því sem skoða þarf vel.



Ertu orkulaus og úti á þekju?

Mikil hefð er fyrir því að nota burnirót til að auka andlegt þol. Hún þykir líka styrkjandi fyrir taugakerfið.

LÍFSSTÍLL
Anna Rósa grasalæknir
annarosa.is

Burnirót (Rhodiola rosea) hefur lengi verið notuð í grasalækningum í Austur-Evrópu og Asíu en skammt er síðan farið var að nota hana að ráði í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku. Mikil hefð er fyrir því að nota burnirót til að auka andlegt þol en hún er ein af fáum íslenskum jurtum sem eru styrkjandi fyrir taugakerfið. Greinarhöfundur hefur um margra ára skeið notað burnirót fyrir orkuleysi, kvíða, streitu, vefjagigt og þunglyndi hjá sjúklingum í ráðgjöf með afar góðum árangri. Einnig er hefð fyrir því að nota hana til að auka líkamlegt þol og getu og í Tíbet hefur hún lengi verið

notuð gegn súrefnisskorti, t.d. til að komast hjá háfjallaveiki. Burnirót þykir góð fyrir eftirfarandi kvilla:

- kvíði, þunglyndi og streitu
- vefjagigt, orkuleysi og síþreytu
- ADHD, einbeitingarskort, eirðarleysi
- líkamlegt álag
- svefnleysi
- getuleysi
- bólgur og niðurgang



Saga burnirótar

Jurt búin verndarmætti

Áður fyrr var talið að burnirót byggi yfir verndarmætti og þótti gott að bera hana næst sér eða láta liggja á rúmstokk um nætur til að bægja burt öllu illu. Eins var talið gott ef konu gekk illa að fæða að leggja burnirót í rúmið hjá henni svo hún snerti hana bera. Burnirót var talin góð gegn hárlosi, en meðal annarra nafna hennar voru greiðurót og höfuðrót. Önnur gömul heiti voru svæfla, sem gæti merkt að hún hafi þótt góð við svefnleysi, og svo munnsviðarót, en margar lækningajurtir sem hafa svipaða barkandi eiginleika hafa verið nýttar við munnsviða og munnangri.

Rannsóknir á burnirót

Í rannsóknum á burnirót er mjög mismunandi hvort hún er rannsökuð í formi hefðbundinnar tinktúru, seyðis eða staðlaðs þykknis en oft snýst rannsóknin um virka efnið salídrósíð eitt og sér. Burnirót hefur tölvert verið rannsökuð á mönnum með tilliti til líkamlegs úthalds og þols. Flestar benda rannsóknirnar til að hún geti aukið súrefnisflæði, líkamleg afköst og þol ásamt því að minnka þreytu eftir áreynslu. Burnirót hefur líka verið rannsökuð á sjúklingum undir ýmiss konar andlegu álagi, svo sem vegna kvíðaröskunar eða þunglyndis, og hefur hún þótt lofa góðu. Eins hafa verið gerðar klínískar rannsóknir á áhrifum burnirótar á þreytu, örmögnun, einbeitingarskort, verkfælni og skammtímaminni, og hafa þau þótt jákvæð auk þess sem hún hefur þótt sýna jákvæð áhrif á getuleysi og svefn.

Í öllum þessum rannsóknum voru aukaverkanir af burnirót taldar hverfandi litlar. Rannsóknir á burnirót hafa einnig leitt í ljós að hún kunni að koma að gagni við fíkn ýmiss konar og því álagi sem fylgir því að hætta t.d. reykingum og eiturlyfjaneyslu. Eins hefur hún þótt gefa góða raun í meðferð átröskunar, bæði lystarstols og

lotugræðgi. Burnirót hefur líka þótt hafa bólgueyðandi áhrif bæði í rannsóknum á mönnum og dýrum, og í tveimur rannsóknum á sjúklingum sem gengust undir skurðaðgerðir á brjóstholi komu fram vísbendingar um að burnirót drægi úr áhættu af aðgerðunum og flýtti fyrir bata. Rannsóknir leiddu í ljós að möguleiki er að nota burnirót við einkennum hægs skjaldkirtils í sjúklingum sem vegna krabbameinsmeðferðar þurfa að hætta á skjaldkirtilshormóni í stuttan tíma.

Rannsóknir á dýrum og í tilraunaglösum hafa leitt í ljós andoxunaráhrif og hamlandi áhrif á vöxt og dreifingu krabbameinsfrumna og lækkun blóðsykurs auk jákvæðra áhrifa á hjartsláttaróreglu, of háan blóðþrýsting og fituhrörnun slagæða. Að auki hafa nokkrar rannsóknir, gerðar á dýrum og í tilraunaglösum, rennt stoðum undir kenningar um góð áhrif burnirótar á andlegt álag, þunglyndi og kvíða ásamt bakteríu- og veirudrepandi áhrifum. Þá hafa áhrif burnirótar á taugasjúkdóma verið rannsökuð á dýrum og í tilraunaglösum og hafa líkur verið leiddar að því að hún gæti nýst við meðferð fólks með Alzheimer og Parkinsonsveiki.

Tínsla burnirótar

Til manneldis og lækninga

Burnirót vex víða um land en hún þolir illa sauðfjárbeit og hefur því horfið af stórum svæðum. Rótin er grafin upp á haustin en hún er mörg ár að vaxa og ekki er mælt með því að fólk grafi hana upp á víðavangi, en hún er einnig algeng í gömlum görðum. Rótin er notuð til lækninga en blöðin eru tilvalin til matar t.d. í salat eða soðin líkt og annað grænmeti.

Skammtar

Tinktúra: 1 tappi (8 ml) einu sinni til tvisvar á dag blandað með vatni eða safa. Hylki 500 mg af stöðluðu 3-6% rósavín og 1% salídrósíð, 1-2 á dag. Seyði: 1 tsk. í bolla einu sinni til þrisvar á dag.

Varúð

Ekki er mælt með burnirót fyrir sjúklinga með geðhvörf eða ofsóknaræði. Í einstaka tilfellum hjá viðkvæmu fólki getur burnirót valdið svefnleysi.

HEIMILDIR

Anna Rósa Róbertsdóttir. 2011. Anna Rósa grasalæknir og íslenskar lækningajurtir. Anna Rósa grasalæknir ehf, Reykjavík.

Parisi A, Tranchita E o.fl. Effects of chronic Rhodiola Rosea supplementation on sport performance and antioxidant capacity in trained male: preliminary results. J Sports Med Phys Fitness. 2010 Mar; 50(1):57-63.

Schutgens FW, Neogi P o.fl. The influence of adaptogens on ultraweak biophoton emission: a pilot-experiment. Phytother Res. 2009 Aug; 23(8):1103-8.

Abidov M, Grachev S o.fl. Extract of Rhodiola rosea radix reduces the level of C-reactive protein and creatinine kinase in the blood. Bull Exp Biol Med. 2004 Jul; 138(1):63-4.

De Bock K, Eijnde BO o.fl. Acute Rhodiola rosea intake can improve endurance exercise performance. Int J Sport Nutr Exerc Metab. 2004 Jun; 14(3):298-307.

Spasov AA, Wikman GK o.fl. A double-blind, placebo-controlled pilot study of the stimulating and adaptogenic effect of Rhodiola rosea SHR-5 extract on the fatigue of students caused by stress during an examination period with a repeated low-dose regimen. Phytomedicine. 2000 Apr; 7(2):85-9.

Bystritsky A, Kerwin L o.fl. A pilot study of Rhodiola rosea (Rhodax) for generalized anxiety disorder (GAD). J Altern Complement Med. 2008 Mar; 14(2):175-80.

Darbinyan V, Aslanyan G o.fl. Clinical trial of Rhodiola rosea L. extract SHR-5 in the treatment of mild to moderate depression. Nord J Psychiatry. 2007; 61(5):343-8.

Olsson EM, von Schéele B o.fl. A randomised, double-blind, placebo-controlled, parallel-group study of the standardised extract shr-5 of the roots of Rhodiola rosea in the treatment of subjects with stress-related fatigue. Planta Med. 2009 Feb; 75(2):105-12.

Fintelmann V, Gruenwald J. Efficacy and tolerability of a Rhodiola rosea extract in adults with physical and cognitive deficiencies. Adv Ther. 2007 Jul-Aug; 24(4):929-39.


PÓSTURINN
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ PÓSTINN RAFRÆNT
Með Skönnunarþjónustu Póstsins nýtir þú þér nútímatæknina og minnkar pappírsflóðið. Við skönnum inn nafnamerktan póst og sendum þér rafrænt. Þú kemur skipulagi á póstinn þinn og getur nálgast hann þegar þér hentar.
Kynntu þér málið á www.postur.is
VIÐ KOMUM ÞVÍ TIL SKILA – RAFRÆNT
flybus
LG

APPIÐ

Ásgeir Orri Ásgeirsosn
tónlistarmaður

„Ég nota iPhone 5“



EVERNOTE

Ég skrifa allt sem ég hugsa niður í Evernote, dagskránna, hugmyndirnar, markmiðin, allt sem mér dettur í hug og vil ekki gleyma.

VIBER

Viber er snilld þegar maður á í samskiptum heimshorna á milli. Það eina sem þarf er wi-fi eða 3G og þú ert good to go.

GOOGLE MAPS

Ég er farinn að reiða mig hættulega mikið á Google Maps þessa dagana. Ég rata ekki sjálfur út í Bónus nema stimpla það inn í Google Maps.

TÆKNI Apple undirbýr tónlistarstreymi í iTunes og aðgang fyrir Android-notendur

Bandaríski tölvurisinn Apple hefur ávallt haft tónlistarverslun sína í iTunes aðeins aðgengilega notendum með snjalltæki frá Apple. Nú kann að verða breyting á því, en samkvæmt heimildum tónlistartímaritsins Billboard hafa forsvarsmenn Apple hafið viðræður við útgáfufyrirtæki vestanhafs um opnun tónlistarstreymisveitu á borð við Spotify. Slík þjónusta verði jafnframt aðgengileg þeim sem eiga önnur tæki, sérstaklega þeim sem nota Android-snjalltæki. **BÞH**



Framtíð tölvutækni er í skýinu

Bylting stendur yfir í tölvutækni. Hún hefur kosti og ókosti en hefur mikil áhrif á daglegt líf okkar.

MARKAÐSMÁL
Jón Heiðar Þorsteinsson
@Jonheidar

Bylting stendur yfir í tölvutækni sem hefur mikil áhrif á daglegt líf okkar. Einn angi hennar er fyrirbæri sem kallast skýjalausnir (e. Cloud Computing). Ráðgjafarfyrirtækið Gartner skilgreinir skýjalausnir sem tölvunotkun sem byggir á skalanlegri og sveigjanlegi upplýsingatækniþjónustu sem er veitt yfir netið. Til einföldunar fyrir okkur leikmennina þýðir þetta að þær upplýsingar og sú þjónusta sem okkur vantar eru aðgengilegar í gegnum ský hvar sem er, hvenær sem er.

Lítið dæmi til að koma okkur af stað

Google Drive er dæmigerð skýjalausn. Þessi grein er skrifuð á ritvinnsluforrit sem er innbyggt í Google Drive og ég nálgast í gegnum Chrome-vafrann. Það eina sem til þarf er tölva, nettenging, rafmagn og vafri – Google-fyrirtækið sér um afganginn. Skjalið er stöðugt vistað þannig að ég þarf ekki að hafa áhyggjur af því að tapa vinnu eða gögnum þó að ég loki vafranum eða ef það slokknar óvænt á tölvunni. Ég get unnið í greininni í spjaldtölvunni minni eða snjallsíma og deilt henni með eiginkonunni, svo að hún geti lesið greinina yfir og losað hana við verstu ambögurnar, og ritstjóra Kjarnans þegar ég tel mig vera búinn með hana. Þau geta sett inn athugasemdir og við getum öll unnið í skjalinu saman. Google geymir síðan þessa tímalausu snilld í gagnageymslu sinni eins lengi og ég kæri mig um.

„Þau geta sett inn athugasemdir og við getum öll unnið í skjalinu saman. Google geymir síðan þessa tímalausu snilld í gagnageymslu sinni eins lengi og ég kæri mig um.“

Upplýsingatækni í áskrift

Tölvubúnaður í áskrift (e. infrastructure as a service) er líklegast algengasta tegundin af skýjaþjónustu. Þjónustuaðilar leigja fyrirtækjum aðgang að netþjónum og öðrum tölvubúnaði eins og fyrirtækið þarf á hverjum tíma. Fyrirtæki setja upp vefsetur eða hugbúnaðarkerfi í gegnum fjaraðgang og greiða aðeins fyrir afnot af tölvubúnaði sem þau nýta.

Hraðari þróun og minni kostnaður

Þjónustuaðilar veita einnig aðgang að tölvuumhverfi,(til dæmis stýrikerfi gagnagrunna og vefþjóna, en á ensku er þetta kallað platform as a service. Fyrirtæki leigja aðgang að tölvuumhverfinu og þróa hugbúnaðar- og veflausnir í því. Með þessu sleppa þau við að kaupa, reka og setja upp vél- og hugbúnað. Þetta hraðar þróunarvinnu og dregur úr kostnaði. Þeir þjónustuaðilar sem lengst eru komnir í þessum efnum sjá til þess að afkastageta forritunarumhverfisins skalist sjálfkrafa til eftir þörfum. Það þýðir að auðveldara er að mæta álagstoppum á vefsetrum eða notkun á hugbúnaði

en áður. Fjölmörg fyrrtæki veita þjónustu á þessu sviði, en nefna má tvo tölvurisa sem margir þekkja, Microsoft með Windows Azure og Amazon sem býður Amazon Web Services. Sem dæmi má nefna að Netflix keyrir þjónustu sína á tölvuskýi Amazon og íslenska ofursprotafyrirtækið Plain Vanilla gefur milljónum aðdáenda aðgang að QuizUp-leiknum með fulltingi Amazon. Já, Amazon gerir margt fleira en að vera „aðeins“ ein stærsta vefverslun í heimi.

Hugbúnaður í áskrift sparar fyrirtækjum stórfé

Fyrirtæki geta fengið aðgang að gríðarlegu úrvali af notendahugbúnaði í áskrift. Á ensku nefnist slík þjónusta software as a service. Auðvelt er að fá aðgang að skrifstofuhugbúnaði frá Microsoft sem kallast Office 365, en það færist í vöxt að fyrirtæki séu með áskrift að fullkomnum hugbúnaði í áskrift. Dæmi um slíkt eru Microsoft Dynamics NAV-bókhaldskerfi, Mailchimp-markaðssetningakerfið eða skrifstofuhugbúnaður eins og fyrrnefnt Office 365 og Google Apps for Business.



Fyrirtæki geta sparað verulega fjármuni með þessum hætti, til dæmis geta þau breytt fjölda áskrifenda eftir umfangi rekstursins, en það sem skiptir sjálfsagt meira máli er að þörf þeirra fyrir að eiga og reka tölvubúnað minnkar stórlega. Verkefni stjórnenda breytist við þetta, þeir þurfa síður að berjast við flókinn og dýran rekstur á tölvukerfum en í staðinn þurfa þeir að vanda valið á þeim hugbúnaði og tölvulausnum sem eru fengin í áskrift. Þeir standa einnig frammi fyrir þeirri staðreynd að ef þeir skaffa ekki nægilega góðar lausnir munu starfsmenn einfaldlega bjarga sér sjálfir um þær með tilheyrandi álitamálum sem tengjast upplýsingaöryggi.

Tölvuský inn á hvert heimili

Tölvuský hafa einnig mikil áhrif á daglegt líf okkar. Afþreyingarveitur eins og Spotify, tonlist.is og Netflix hafa gjörbreytt aðgengi neytenda að tónlist, kvikmyndum og sjónvarpsþáttum en hafa minnkað löngun þeirra til að nota þjónustu vídeóleiga, kaupa geisladiska og horfa á

„venjulegar“ sjónvarpsstöðvar. Skýjaþjónustur virða líka fá landamæri; jafnvel þegar hömlur eiga að vera á notkun Netflix á milli landa geta kræfir Íslendingar auðveldlega komist framhjá þeim með einbeittum brotavilja og leiðbeiningum á bloggsíðum. Nú er mikið rætt um að vinsældir Netflix séu farnar að hafa mikil áhrif á samkeppnisumhverfi sjónvarpsstöðva en minna hefur verið rætt um hvernig tónlistarveitur eins og tonlist.is og Spotify breyta stöðu útvarpsstöðva.

Ókostir tölvuskýja

Í kjölfar afhjúpana uppljóstrarans Edwards Snowden er nú mikil umræða um persónuvernd. Það er dagljóst að þjónustuaðilar sem veita skýjaþjónustu hvers konar eru undir smásjá ríkisstofnana víða um heim sem vilja fylgjast með tölvunotkun einstaklinga og fyrirtækja. Bandarískir tölvurisar hafa lýst miklum áhyggjum af framferði stjórnvalda þar í landi. Frægt er þegar stofnandi Facebook, Mark Zuckerberg skrifaði opið bréf þar sem hann varar við tölvunjósnum á vegum hins opinbera. Notendur hér á landi sem vilja nýta skýjaþjónustu þurfa að gera upp við sig hvort þeir vilji hýsa gögn erlendis, ekki aðeins vegna hugsanlegrar hnýsni erlendra ríkisstofnana, heldur getur kostnaður vegna erlends niðurhals farið að skipta máli þegar kostir og gallar þeirra eru metnir. Góðu fréttirnar í þeim efnum eru að innlendir aðilar bjóða í vaxandi mæli innlend tölvuský, sem tryggir að gögn eru vistuð hér á landi og allt niðurhal er innlent.

Sælir verða þeir sem þiggja

Þú færð fermingargjöfina í Macland Laugavegi 17

Vaxtalaus kortalán til allt að 12 mánaða.



MacBook Pro
verð frá 199.990 kr.-



iPhone 5s
verð frá 109.900 kr.-



iPhone 5c
verð frá 89.900 kr.-



iPad
verð frá 49.990 kr.-

Laugavegur 17 | Sími: 580 7500 | verslun@macland.is | **macland.is**

macland



Pólitísk heimsmynd í ýktum sagnaheimi

Leikstjórinn Wes Anderson leggur gríðarlega áherslu á þemu og stílbrögð. Í nýjustu mynd hans, The Grand Budapest Hotel, kveður við nýjan tón.

KVIKMYNDIR
Ari Gunnar Þorsteinsson
@moviehomework

Eftir sjö kvikmyndir í fullri lengd eru bæði stílbrögð og þemu leikstjórans Wes Anderson orðin ansi skýr. Í raun og veru eru þau svo skýr að það er bæði auðvelt og vinsælt að gera skopstælingar og eftirapanir af kvikmyndaheimi hans. Bandaríska heimasíðan Slate gerði nýlega „Wes Anderson-bingóspjöld“, í hvert sinn sem klisjukennd atriði birtust á skjánum átti að fylla út reiti á bingóspjaldinu, og nýlega gerði Saturday Night Live innslag sem kannaði hvernig hryllingsmynd eftir Wes Anderson gæti litið út. Þegar einungis er litið á þá hluti sem Anderson gerir eins í mynd eftir mynd er

auðvelt að missa af þeim breytingum sem eiga sér stað frá einni kvikmynd til annarrar og þeirri þróun sem hefur átt sér stað í myndum hans.

Einblínt á fjölskyldusambönd

Hingað til hafa allar myndir Andersons fjallað um fjölskyldusambönd á einn eða annan hátt. Bæði Bottle Rocket og Rushmore fjalla um unga menn í leit að nýjum feðrum eða foreldrum; The Royal Tenenbaums segir frá þremur undrabörnum sem hafa orðið bitur og týnd í lífinu á fullorðinsárum og um hvernig fjölskyldufaðirinn sem brást þeim reynir að komast aftur í mjúkinn hjá fjölskyldunni.

„Þegar hinir ímynduðu ZZ-foringjar ráðast inn í lestina í Zubrowka er Wes Anderson-heimurinn í fyrsta skipti ekki mjög huggulegur staður – en hann er einnig í fyrsta skipti mjög líkur okkar raunverulega heimi.“

Í The Life Aquatic tekst haffræðingurinn og heimildarmyndaleikstjórinn Steve Zissou á við dauða besta vinar síns á meðan hann kynnist ungum manni sem gæti verið sonur hans. Bræðurnir í The Darjeeling Limited ferðast um Indland með látinn föður sinn nánast bókstaflega í farteskinu.


Refurinn frábæri í The Fantastic Mr. Fox er kannski besti holdgervingur glataða pabbans í verkum Andersons – hann reynir og lofar að fórna sínum eigin áhugamálum fyrir hag fjölskyldunar en endar með því að setja sjálfan sig og alla sem hann elskar í hættu. Loks í Moonrise Kingdom verður hinn munaðarlausi Sam ástfanginn af Suzy, sem þráir ekkert meira en að losna undan fjölskyldu sinni.

Pólitísk heimsmynd brýst inn í ýktan sagnaheim

Þessar myndir hafa allar endað á einhvers konar uppgjöri. Fjölskyldur koma saman – gömul, slitin tengsl lagast og ný skapast. Hlutirnir eru ekki alltaf fullkomnir, en það er greinilegt að þeir munu batna. Það er því ákveðið sjokk að upplifa nýjustu mynd Andersons, The Grand Budapest Hotel, sem er bæði fyrsta mynd hans þar sem einhvers konar pólitísk heimsmynd brýst inn í ýktan sagnaheiminn og fyrsta mynd

hans sem endar á tóni sem vísar till aukinnar eyðileggingar og niðurrifs í stað aukinnar samheldni eða uppbyggingar.

Meginhluti myndarinnar gerist í hinu ímyndaða ríki Zubrowka árið 1932 þar sem finna má túristaperlu Austur-Evrópu: The Grand Budapest Hotel – sem áhorfendur kynnast í gegnum flóttamanninn unga Zero. Þegar Zero hefur störf sem vikapiltur kynnist hann móttökustjóra hótelsins, Monsieur Gustave, sem er í raun aðalaðdráttarafl hótelsins fyrir marga gesti. Hann sér um allt fyrir alla og leggur sérstakan metnað í að sjá um þær ríku eldri dömur sem heimsækja hótelið. Þar skemmtir hann þeim og sinnir bæði andlegum og líkamlegum þörfum þeirra. Þegar Madame D, einn af eftirlætisgestum Gustave, deyr við dularfullar kringumstæður leikur grunur á að hann hafi komið henni fyrir kattarnef, grunur sem verður sterkari þegar það kemur í ljós að Madame D arfleiddi Gustave að dýrasta og verðmætasta málverkinu sínu.



Í móttöku hótelsins
Aðalsöguhetjan starfar sem vikapiltur á Grand Budapest Hotel í hinu ímyndaða ríki Zumbrowka.

Með annan fótinn í raunveruleikanum

Þrátt fyrir að gerast í heimi sem er ýktur og stílfærður hafa kvikmyndir Andersons alltaf verið með annan fótinn í raunveruleikanum – þó að það sem við sjáum sé ekki raunverulegt eru þær tilfinningar sem persónurnar upplifa algerlega raunverulegar. Hins vegar hefur pólitískt raunsæi ekki átt sér stað í myndum Andersons, en nú, þegar The Grand Budapest Hotel gerist í Austur-Evrópu á árunum fyrir seinni heimsstyrjöldina, er ris fasismans óumflýjanlegt. Þegar Zero og Gustave ferðast til þess að votta dánu frúnni virðingu sína er lest þeirra stöðvuð af fasískum hermönnum, í búningum merktum „ZZ“, sem

krefjast þess að sjá landvistarleyfi flóttamannsins Zero. Slík atriði hafa sést áður í kvikmyndum og því ætti maður að vera undir það búinn. En það er eitthvað einstaklega sláandi við að sjá ofbeldi og mannréttindabrot í þessum annars aðlaðandi draumaheimi.

Það sem bjargar þeim félögunum Zero og Gustave er þau sambönd og tengsl sem Gustave hefur skapað í starfi sínu. Sú staðreynd að hann hefur aðstoðað ríkt og valdamikið fólk gefur honum ákveðið forskot, en það forskot hverfur þegar þeir ríku og valdamiklu sjá fram á að græða meira á því að brjóta á öðrum. Því finna þeir félagar meira og meira fyrir þegar líður á myndina.

Á margt sameiginlegt með heiminum í dag

Það er auðvelt að ímynda sér að fasisminn og hrottaskapurinn sem honum fylgir í Grand Budapest Hotel heyri sögunni til. Form kvikmyndarinnar ætti einnig að gera það auðvelt fyrir áhorfandannn – sagan sem gerist árið 1932 er sögð rithöfundi árið 1968, rithöfundurinn les þá sögu upp úr bókinni sinni árið 1985 og er sú bók lesin af ungri konu í dag, árið 2014. En þessi babúskulegi sögustrúktúr fær mann til að hugsa um það sem sagan á sameiginlegt með heiminum í dag.

Ég sá kvikmyndina í Svíþjóð, þar sem í ár fara fram kosningar. Það hefur verið óhugnanlegt og óþægilegt að fylgjast með auknum umsvifum þjóðernissinnaðra flokka eins og Svíþjóðardemókrata og hreinræktaðra nasistaflokka eins og Flokks Svía. Fyrr í mánuðinum réðst hópur nasista á femínista í Malmö sem héldu friðsöm mótmæli á alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Þetta gerðist stuttu eftir að annar hópur nasista réðst á friðsöm mótmæli gegn kynþáttahatri í úthverfi Stokkhólms. Þegar litið er til Íslands er einnig óhugnanlegt að sjá hvernig innanríkisráðuneytið lekur viðkvæmum upplýsingum um hælisleitendur án þess að nokkuð sé gert og þingmenn leggja til að erlendir flóttamenn á landinu gangi um með GPS-staðsetningartæki. Þegar hinir ímynduðu „ZZ“-foringjar ráðast inn í lestina í Zubrowka er Wes Anderson-heimurinn í fyrsta skipti ekki mjög



The Life Aquatic with Steve Zissou
Bill Murray fór eftirminnilega með aðalhlutverkið í The Life Aquatic sem frumsýnd var árið 2004. Murray hefur verið einn helsti samstarfsmaður Andersons og átt hlutverk í öllum kvikmyndum leikstjórans síðan 1998. Leikaranum bregður að sjálfsögðu fyrir í nýju myndinni.

huggulegur staður – en hann er einnig í fyrsta skipti mjög líkur okkar raunverulega heimi.

Hröð, fyndin, best en myrk og sorgleg

The Grand Budapest Hotel er ein hraðasta, fyndnasta og besta kvikmynd sem Wes Anderson hefur gert. Hún er einnig myrkasta og sorglegasta sköpunarverk hans. Í fyrsta skipti endar hann mynd ekki á tóni uppbyggingar eða uppgjörs, heldur á tóni niðurrifs og sundrungar. Það er merkilegt að upplifa slíkt myrkur í mynd sem er létt og skemmtileg og gerist í draumkenndri veröld sem lítur út fyrir að vera teiknuð af Hergé undir áhrifum kvikmynda Ernst Lubitsch, Max Ophüls og félaganna Powell og Pressburger. Kannski eiga fæstir von á því að áttunda mynd Wes Anderson muni koma á óvart, og undirritaður var vissulega í þeim hópi. Það var meiriháttar óvænt ánægja að komast að öðru.

KJARNINN

Hlaðvarp

Hlustaðu á Hlaðvarp Kjarnans þegar þú vilt, hvar sem þú ert.



Smelltu hér til að velja þér þætti úr Hlaðvarpi Kjarnans eða gerast áskrifandi.



NÆST Á DAGSKRÁ

Hismið

Árni Helgason og Grétar Theodórsson ásamt gestum fara í loftið alla föstudaga

kjarninn



Margrét Erla Maack
sirkuslistamaður og danskennari

Fimm, sex, fimm, sex, sjö, átta

Margrét Erla Maack skrifar um hvernig taktleysi ráðamanna kom henni í opna skjöldu.

Ég er fordómafull. Fordómar mínir snúast um taktleysi. Einu sinni var ég að kenna í gæsapartíi og fór heim að grenja eftir það því gæsin var svo taktlaus. Hvernig mátti það vera að hún væri að fara að ganga í hjónaband og ekki ég? Hreyfingar hennar hefðu í alvöru getað valdið slysi í hjónasænginni. Nokkrum árum síðar er ég orðin örlítið þolinmóðari eftir að hafa séð að það er hægt að kenna fólki að halda takti, en þetta er ekki alveg farið úr mér. Svo eru líka til taktlausir menn fyrir taktlausu konurnar.

Nei, þetta er ekki týpískur pistill einhleyprar konu sem er að detta í þrítugt (þrotugt), heldur langar mig að ræða aðeins um takt. Taktur er magnað hugtak. Samskipti eru að miklum hluta taktur, kurteisi er taktur og ókurteisi er taktleysi. Eina ráðið sem eldri konur í fjölskyldunni hafa gefið mér í frumskógi lífsins er: „Passaðu þig á taktlausu mönnunum.“ Í þeim orðum felst nákvæmlega það sem lesendur halda,

og þeim fylgja stórkostlegar sögur og jafnvel látbragð um vandræðaganginn. En þetta á ekki bara við í ástum og stríði, líka þegar kemur að öðrum samskiptum. Því hef ég, af mikilli natni, raðað um mig vinahópi þar sem meira en helmingur er plötusnúðar. Ákvörðunin hefur ekkert með cúlið að gera, taktvisst fólk grínast bara svo fallega.

Með tíð og tíma hefur standardinn samt lækkað þegar kemur að þessum framtíðareiginmönnum öllum. Ég er ekki lengur að leita að einhverjum Cuban Pete heldur bara einhverjum sem finnst músík skemmtileg.

Til að komast í gegnum þéttskipað dansgólf er betra að dansa í gegnum það en labba, og er það eiginlega eini dansinn sem ég stunda á skemmtistöðum bæjarins. Eigin fordómar bitna ekki síst á sjálfri mér. Ég á erfitt með að dansa á skemmtistöðum því ég er svo ótrúlega vör um mig en í þau fáu skipti sem stuðið gleypir mig og ég ætla mér að sýna hvað ég get endar það með ósköpum. Ég hef til dæmis hellt einhverju niður – úr glösum taktlausa fólksins sem les ekki nógu vel í hreyfingar mínar. Ekki séns að það sé mér að kenna. Þegar hápunktinum er náð – djammsplittinu – þá ríf ég alltaf sokkabuxurnar mínar á mjög Istedgade-legum stöðum og sker á mér hnén á glerbrotunum. Agalegt alveg. Ef við lesum í þessa hegðun út frá fjölskylduráðum þá er ég sólóisti. Ég á að vera bara ein.

„Þegar hápunktinum er náð – djammsplittinu – þá ríf ég alltaf sokkabuxurnar mínar á mjög Istedgade-legum stöðum og sker á mér hnén á glerbrotunum. Agalegt alveg.“

En af öllum dansgólfsgloríum sem ég hef framið sjálf eða séð aðra fremja toppar ekkert það sem spilast í höfðinu á mér oft á dag. Fyrir nokkrum vikum átti sér stað stórkostlegur leki: Peppvídjóið af ráðuneytisstarfsfólki að dansa. Myndskeiðið fór eins og eldur í sinu um netheima en var tekið út nokkrum tímum síðar, því miður. Það eina sem er eftir er nokkur gif. Það versta við að þetta hafi verið tekið út er að heilinn minn er farinn að búa til minningar um það sem ég sá. Minningin um myndbandið er því mun verri en það sjálft

var. Hún verður bara verri og verri, svona eins og maður fær lag á heilann því maður kann ekki alveg textann og það límist bara fastar og fastar – nokkurs konar heilakláði. Senurnar eru lengri en þær voru í alvörunni og stundum slær höfuð mitt þessu saman við framlag Wow Air til Harlem Shake-æðisins. Ég vona að eitthvað megi skrifa á mistök í vinnslu: Það sem átti sér stað var að fólki var sagt að dansa, án þess að tónlist væri spiluð, og svo var lagið Happy sett undir. Ég held að uppáhalds/mest hræðilegt sé dansspor utanríkisráðherra sem minnir á Robin Thicke, að reyna að grænda með brjósklos. Viðbrögð/dansspor Eyglóar Harðardóttur mætti kalla „flúið undan dirty weekend-túristanum án þess að móðga hann mjög mikið“.

Ég fann hvernig væntingar mínar til þessa fólks lækkuðu með hverju grínsporinu sem átti sér stað. Ráðamenn eru taktlausir. Þarna var komin skýring á svo mörgu.

Ég skrifaði á öll internetin mín um að ég væri tilbúin að gefa þessu aumingjans fólki danskennslu. Engin svörun nema lol hér og lol þar. Mér var alvara. Fólkið þarf meiri jarðtengingu, að dilla sér og tralla saman, já og bara aðeins að losa um lútherskar mjaðmirnar. Þetta snýst líka um mörk – líkamleg og félagsleg. Hversu lengi er fyndið og krúttilegt að stíga á tær og hvenær er það hreinn dónaskapur og tillitsleysi?

Lífið er ekki Macarena – taktur snýst ekki um að marsera eða dansa nákvæmlega eins, heldur að lesa í hreyfingar annarra og leika sér í kringum þær. Hlustun og svörun eru lykilorð. Við sleppum fram af okkur beislinu þegar við dönsum, en takturinn passar að við séum ekki að meiða neinn meðan á því stendur. En það er von. Á meðan alls konar taktleysi ríkir úti um allt hittist risastór stomphljómsveit á Austurvelli reglulega og spilar – en fáir hlusta og grænda með. #Twerkfall.